


Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Klettaborg

2017 – 2018



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	3
Leiðarljós leikskólans:.....	4
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	8
2.1 Innra mat leikskólans.....	8
2.2 Umbætur 2017-2018 út frá niðurstöðum innra mats 2016-2017.....	15
2.3 Ytra mat.....	16
2.4 Matsáætlun/umbótaáætlun.....	17
3. Umbótapættir SFS	18
3.1 Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur.....	18
3.2 Verk-, tækni- og listnám	19
3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	20
3.4 Fjölmening.....	21
4. Aðrar áherslur í stafi leikskólans	22
5. Starfsmannamál	24
5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní '17.....	24
5.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning).....	24
5.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.).....	24
5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	25
6. Aðrar upplýsingar	26
6.1 Barnahópurinn 1. júní 2017.....	26
6.2 Foreldrasamvinna.....	26
6.3 Samstarf leik- og grunnskóla	27
6.4 Almennar upplýsingar	27
7. Fylgiskjöl	28
• 1- Mat á dagskipulagi	
• 2- Mat á haustverkefnum	
• 3- Mat á jákvæðum og glaðlegum samskiptum	
• 4- Mat á þjóðsögu	
• 5- Dagatal leikskólans 2017-2018	
• 6- Dagatal foreldra 2017-2018	
• 7- Foreldraráð, umsögn um starfsáætlun og mat á starfinu s.l. vetur	
• 8- Starfsreglur foreldraráðs	

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Gleði, virðing og öryggi eru leiðarljós Klettaborgar ásamt því að málmhverfi barnanna sé frjótt og skapandi.

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári

Leikskólastarfið í heild gekk vel, þrátt fyrir erfiða stöðu í starfsmannamálum, mikil fáliðun og margir nýliðar. Áætlanir stóðust að mestu leyti, þó eru alltaf einhver verkefni sem ekki næst að vinna að eins og áætlað hefur verið. Sum verkefni þurfa lengri tíma til að festa rætur í starfinu og önnur verkefni hafa vikið vegna tímaleysis eða annarra ófyrirséðra aðstæðna t.d. eins og mikilla forfalla í starfsmannahópnum.

Þessi vetur er sá sjöundi þar sem unnið var með þjóðsögu með öllum börnum. Fyrir valinu var *Gilitrutt*, en sú þjóðsaga hefur verið áður í Klettaborg. Verkefnið var undirbúið í starfsmannahópnum um áramót og fór til barnanna eftir það. Allir eru sammála um að það hafi verið skemmtilegt bæði fyrir börn og starfsfólk. Á opna húsi leikskólans í maí s.l. var vinnuferlið og afrakstur sýndur á öllum deildum. Margir sem komu á opna húsið höfðu á orði hvað þetta væru fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem sýndu vinnu og þátttöku barnanna í þessari þjóðsögu. Í ferilmöppum barnanna var m.a. hægt að sjá hjá þróunina hjá þeim í endursögninni á milli ára.

Starfsviðtöl við starfsmenn voru um vorið. Þar var farið yfir veturinn og hugað að næsta vetri. Í samtölunum kom fram að starfsmenn eru almennt ánægðir með vinnustaðinn og starfið en finnst vanta tíma til samræðna í hópnum, bæði fyrir deildarstarfsmenn og hópinn í heild. Helsta ástæðan er sú að það falla oft niður, eða frestast, ýmsir fundir/samráð og undirbúningstími vegna fáliðunar. Þrengt hefur verið að rekstrarumhverfi leikskóla með því að fækka eftirvinnutímum og aukin krafa er um hagræðingu í rekstri án skerðingar á þjónustu. Erfitt er að halda uppi áætluðu starfi með þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru í starfsáætlun þegar forföll verða.

Í vetur settu forföll í starfsmannahópnum mark sitt á starfið, því ekki fékkst afleysing eins og þörf hefði verið á. Það veldur m.a. því að dagskipulagið verður einfaldað og ákveðnir þættir/verkefni falla niður, kennarar komast síður í undirbúningstíma og álag á aðra starfsmenn eykst.

Ekki er hægt að ganga að því vísu að fundartímar/samráðstímar sem ákveðnir eru samkvæmt ársáætlun gangi upp, því á dögum þegar fáliðun er, þá er í forgangi að sinna börnunum.

Nýliðar voru margir s.l. vetur. Það voru 9 starfsmenn sem byrjuðu í leikskólanum frá hausti '16 til maí '17 og að auki komu 3 sumarstarfsmenn – 2 af þessum nýliðum verða í starfi áfram næsta vetur. Það voru tveir vanir kennarar og einn leikskólaliði í fæðingarorlofi, einnig fékk einn leikskólaliði launalaust leyfi af persónulegum ástæðum frá áramótum til hausts – allt eru þetta kjarnastarfsmenn sem hafa verið í mörg ár í Klettaborg.

Einn kennari veiktist um haustið og lést í apríl. Það tók mjög á starfsmannahópinn, hún hafði unnið hjá okkur í 7 ár.

Það er mikið álag á aðra starfsmenn þegar margir nýliðar eru, þá eru of fáir „vanir og gamlir“

starfsmenn sem geta leiðbeint og leiðrétt inn í starfið. Efniviður og umgengni fer forgörðum og mikill tími fer í að halda utan um helstu áherslur og vinnubrögð í starfinu sem snerta börnin beint. Í sumar hætta 4 starfsmenn. Ekki er um auðugan garð að gresja með að fá gott fólk til starfa í leikskólum eins og staðan er í samfélaginu í dag. Auglýsingar bera lítinn árangur og óvíst er með hvernig hægt verður að þjónusta börn og foreldra í haust.

Eins og fram kemur í umsögn foreldraráðs (sjá fylgiskjal) um vetrarstarfið, þá er sterkur starfsmannakjarni í leikskólanum sem heldur utan um að; viðmót, áhersla á vellíðan, faglegt og skemmtilegt starf sé, í öndvegi þrátt fyrir alla þá nýliðun sem hefur verið.

Það eru að meðaltali um 20 starfsmenn í leikskólanum og 12 af þeim hafa verið sex ár eða lengur og þar af hafa 3 verið frá opnun leikskólans, 6 starfsmenn hafa verið níu ár eða lengur og 3 hafa verið í leikskólanum fjögur til sex ár.

Ný staða sérkennslustjóra kom í leikskólann haustið '16. Það var mikill happafengur. Mikill tími fór í að fara yfir barnahópinn með deildarstjórum og greina þarfir þeirra barna sem talið var að þyrftu sérstaka íhlutun. Á einni deild eru mörg börn sem þurfa sérstaka íhlutun, þar hefur m.a. hegðunarráðgjafi komið með ráðgjöf til starfsmanna og foreldra. Þessi deild fær viðbótar stöðugildi næsta haust og ráðgjöf frá sérfræðingum til að vinna með barnahópinn.

Á hverju hausti er uppfærð viðbragðsáætlun vegna öryggis barna ef forföll starfsmanna fara yfir ákveðin mörk. Fimm sinnum voru börn send heim án fyrirvara (alls 108 börn, sum fóru tvisvar) þ.e. hringt var að morgni í foreldra og þeir beðnir um að sækja barn sitt vegna fáliðunar í starfsmannahópnum. Að auki voru öll börn heima í tvo daga á ákveðnu tímabili fyrir ármótin (foreldrar gátu valið þessa daga) vegna fáliðunar. Því voru sum börn heima í fjóra daga og önnur börn heima í þrjá daga, því ekki var talið að mati leikskólastjóra að öryggi þeirra væri tryggt. Það er alltaf neyðarúrræði að senda börn heim, en all flestir foreldrar sýna því mikinn skilning og segja að þeir séu ánægðir með að í leikskólanum sé þessi öryggis-viðbragðsáætlun. Í foreldrakönnun SFS (auka spurning Klettaborgar) kom fram að 93% foreldra þekkja viðbragðsáætlun leikskólans við fáliðun.

Í kafla 2, mat á leikskólastarfi, má sjá nánar hvernig áætluð verkefni síðasta vetrar hafa gengið. Einnig má sjá umsögn foreldraráðsins um vetrarstarfið í fylgiskjölum.

Matsteymi leikskólans sem stofnað var veturinn 2010-2011 er enn að þróa sína vinnu og aðkomu að mati á leikskólastarfinu. Þennan vetur fundaði matsteymið tvisvar sinnum og ákvað matsþátt fyrir leikskólann. Einnig fylgdi matsteymið eftir verkefnum í matsáætlun leikskólans og minnti starfsmenn á þau. Ástæða þess að matsteymið kom ekki oft saman er fáliðun, því margt annað en fundir hafði forgang í starfinu.

Næsta ár verður byrjað á nýju verkefni í leikskólanum „Heilsuefling í leikskóla“. Þetta er verkefni sem Embætti landlæknis er að innleiða í alla leikskóla. Klettaborg verður í samvinnu við fjóra aðra leikskóla (Fífuborg, Nes, Brekkuborg og Hulduheimar) í Grafarvogi með þetta verkefni. Innleiðing á verkefninu er áætluð 3-5 ár.

Eftir áramót '15-'16 stóð starfsmönnum Klettaborgar til boða að taka þátt í verkefninu *Blómstrum saman* v/notkunar á spjaldtölvum. Kennararnir Ingibjörg E. Jónsdóttir og Rakel G. Magnúsdóttir fengu verkefnastyrk hjá SFS til að innleiða/styðja við spjaldtölvunotkun í leikskóla. Verkefnið var

mjög áhugavert og sumir kennarar náðu betur en aðrir að nýta þessa tækni til skráningar og fleira. Það sem hamlar því að innleiða svona verkefni er faliðun og tímaleysi.

Í apríl '16 var ákveðið hjá Reykjavíkurborg (Skóla- og frístundasviði) að útvista eldhúsrekstri í þeim leikskólum þar sem matráður var ekki starfandi og hádegismatur var aðkeyptur.

Fyrirtækið ISS – Skólaaskur – sér um rekstur eldhússins og allt sem því fylgir. Þetta verkefni hefur ekki gengið hnökralaust, en unnið er að úrbótum með það. Þetta nýja rekstrarform var tilraun í ákveðinn tíma og nú er verið að bjóða það út, þannig að ekki er vitað með hvernig framhaldið verður þ.e. hver mun þjónusta leikskólann með eldhúsmálin.

Í foreldrakönnun SFS kom fram óánægja með þetta fyrirkomulag.

	Nær alltaf	Oftast	Hvorki né/sjaldan
Barnið mitt er ánægt með matinn í leikskólanum	17%	49%	34%
Ég er ánægð(ur) með matinn í leikskólanum	17%	57%	26%

Allir eru sammála um að matur fyrir börn í leikskóla verði að vera góður, næringaríkur, fjölbreyttur og vel fram borinn. Marg oft hefur verið talað um matarkost leikskólabarna á fundum SFS af leikskólastjórum og vísað í rannsóknir sem sýna fram á mikilvægi matar fyrir vellíðan yfir daginn. Leikskólastjóri telur að SFS þurfi að greina þessa þjónustu betur og gera einhverskonar gæðaúttekt á mat og þjónustu þeirra sem eru með þetta verkefni.

Stefnt er að því að efla samvinnu leik- og grunnskóla og frístundar í Grafarvoginum.

Hverfissamstarfið hefur fengið heitið Vogin. Þennan vetur var áhersla á að litlu hverfin ynnu saman að verkefni og var hluti skipulagsdags í október '16 sameiginlegur. Þar var lögð áhersla á fjölmenningu og var Fríða B. Jónsdóttir með námskeið fyrir hópinn. Almenn ánægja var með þennan dag.

Foreldrafélagið bauð börnum í danstíma með danskennara í leikskólanum. Öll börn fóru í þessa tíma 1x í viku í sex vikur.

Páskaeggjaleit var á vegum foreldrafélagsins fyrir páska. Mikil ánægja var með það.

Sveitaferð var farin á vegum foreldrafélagsins á laugardegi í sumarbyrjun. Fjölmennu foreldrar með börn sín í ferðina.

Foreldrafélagið sá einnig um sumarhátíð á íþróttadegi leikskólans í samstarfi við leikskólann í júní.

Fengin voru leiktæki frá Gufunesbæ, farið í leiki og boðið uppá andlistmálun. Veitingar voru í boði foreldrafélagsins þegar líða tók á daginn.

Foreldraráð kom á fund í janúar með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, að auki voru samskipti í gegnum tölvupóst. Farið var m.a. yfir starfsáætlunina, álag í leikskólanum vegna faliðunar, fjármál og fyrirkomulag sumarleyfa. Einnig var rætt um erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um að foreldraráð geri sér starfsreglur. Foreldraráð setti saman starfsreglur í vor, sjá fylgiskjal.

Flest elstu börnin hætta um sumarlokun leikskólans eða þegar grunnskóli hefst og því komu fá ný börn yfir sumarið. Aðlögun nýrra barna er að mestu í lok ágúst og í september. Þátttökuaðlögun hélt áfram þennan vetur og er mikil ánægja með þessa aðferð meðal foreldra og starfsmanna.

Lokað var í fjórar vikur að sumri vegna sumarleyfa. Er þetta gert vegna hagræðingar í rekstri.

Viðhaldi á húsnæði og lóð leikskólans hefur verið lítið sinnt og er margt orðið ansi lúið í skólaumhverfi barnanna, enda var leikskólinn 27 ára í sumar og viðbyggingin er frá árinu 2004. Árum saman hefur leikskólastjóri gert athugasemdir um viðhald á húsnæði og lóð og óskað eftir úttekt á viðhalds þörf. Í vetur fór tillaga inn á „Betri Reykjavík“ frá foreldrum og velunnurum leikskólans um að lagfæra lóð leikskólans – því miður fékk þessi tillaga ekki brautargengi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur marg oft gert athugasemdir við lóðina, þó ekki þannig að hún sé hættuleg, heldur orðin mjög léleg. Má þar nefna að mikill sandur og möl skríður á stéttirnar og hellur og grassvæði eru mjög ójöfn sem skapar það að börn eiga það á hættu að detta og renna á stéttum. Heilbrigðiseftirlitið hrósaði vinnulagi í leikskólanum sem snýr að yfirferð lóðar á hverjum degi, sérstaklega að þar er viðbragðsferli vegna ákveðinna þátta.

Rekstrarfjármagn er reiknað að mestu út frá barnafjölda og dvalarstundum. Á síðastu árum hefur verið gerð krafa um umtalsverða hagræðingu í rekstri án þess að skerða þjónustu. Margir leikskólar Reykjavíkurborgar stóðust ekki fjárhagsáætlun og fór rekstur þeirra í mínus. Klettaborg hefur staðist fjárhagsáætlun flest árin, nema s.l. tvö ár, því er enn óljóst hvaða útgjöld sem fóru í mínus verða felld niður vegna óhagstæðra ytri skilyrða. Ekki er ennþá (júní '17) búið að gera loka uppgjör fyrir árið 2015 og árið 2016 og því er óljóst hvort Klettaborg verður með skuld sem færð verður yfir á þetta ár eða ekki. Ekki er komin fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Búið er að skera niður í leikskólarekstri undanfarin ár og hér má sjá nokkur dæmi um hvað er áætlað í t.d. námsgagnakostnað og menningu og listir – þetta eru tölur út frá fjárhagsáætlun árið 2016. Námsgagnakostnaður (allt leikefni, inni og úti, bækur, spil, listvörur o.fl.) er áætlað kr 1.815.- á ári pr. barn, menningar- og listasjóður er kr. 463.- á ári pr. barn, engin hækkun hefur verið á þessa liði á milli ára.

Sem dæmi um raunkostnað á leikefni kostar lítil skófla um 160,- kr., stór skófla með löngu handfangi um 1,380,- kr. og lítill trélitapakki um kr. 1,890,-

Námsgagnakostnaður pr. barn yfir árið er kr. 1,815,- Það sýnir sig að það dugar skammt í innkaupum á námsgögnum.

Mánaðarlega er fjármagnsþörf leikskóla endurreiknuð og færð til samræmis við barnafjölda og dvalartíma og breytist fjárhagsúthlutun því í hverjum mánuði afturvirk. Erfitt er að vinna með óraunhæfa fjárhagsáætlun ár eftir ár og geta ekki treyst á ákveðið fjármagn.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun¹

2.1 Innra mat leikskólans

Mat á starfinu fer fram yfir allt skólaárið.

Matsaðferðir Klettaborgar eru bæði formlegar og óformlegar. Allir starfsmenn koma að mati leikskólastarfsins á einhvern hátt. Leikskólastjóri ásamt öðrum stjórnendum og matsteyminu sjá um samantektina og skýrslugerð.

Formlegt mat:

- Þar er stuðst m.a. við athuganir, skráningar, kannanir, útfyllingu lista og þroskapróf. Eftirfarandi matsgögn eru notuð: HLJÓM2 (athugun á hljóð- og málvitund elstu barnanna), Íslenski þroskalistinn (næst elstu börn), ECERS kvarði (matstæki starfsmanna um ýmsa þætti í leikskólastarfi), Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni (útg. af SFS) og ýmsir formlegir skráningarlistar (útbúnir af kennurum Klettaborgar) sem gefa upplýsingar um þá þætti sem verið er að meta/skoða.
- Foreldrar fengu sérstakar auka spurningar í könnun SFS sem snertu leikskólastarfið í Klettaborg.

Óformlegt mat:

- Það fer fram m.a. í umræðuformi og í viðtölum. Á ýmsum fundum (starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum), skipulagsdögum og í starfsviðtölum. Umræður eru oftast eftir fyrirframgefnum spurningum til þess að fá sýn og mat starfsmanna á ákveðna þætti í starfinu. Á deildarfundum yfir veturinn verða ýmsar umbætur í starfinu s.s. breyting á ákveðnum þætti í dagskipulaginu (samverustund, hvíld) og eru slíkar breytingar metnar í lok vetrar.

Eftirfarandi þættir eru úr starfsáætlun (og matsáætlun)

2016-2017 ásamt niðurstöðum á mat þeirra:

Fastir liðir í árlegu mati leikskólans 2016-2017:

Næst elstu börn – þroskamat

Haustið '16 – mæður fylltu út Íslenska þroskalistann. Sextán börn fengu listann en listanum var skilað fyrir þrettán börn, eitt barn fékk ekki lista v/ tungumáls móður.

Foreldrar fengu niðurstöður. Foreldrar þeirra barna sem komu slök út fengu sérstakar leiðbeiningar.

Sjálfsmynd og félagsfærni

September – október '16 var áætlað að fylla út þennan lista frá SFS fyrir öll börn nema þau sem byrja í júní-september. Listinn er fylltur út fyrir nýju börnin eftir áramótin.

¹ Bent er á að nýta má fylgirit/skema um umbótaáætlun til að setja inn umbætur á grunni innra og ytra mats

Listinn var fylltur út fyrir öll börn á þremur deildum og hluta af börnunum á einni deild. Niðurstöður nýttar í foreldraviðtöl og í einstaklingsáætlun. Það er mat deildarstjóra að vegna innritunar í ágúst-september og flutninga barna á milli deilda, þá sé ekki raunhæft að fylla út þennan lista fyrir áramótin, nema hjá þeim börnum sem eru ennþá á „sinni“ deild þennan vetur þ.e. færast ekki á milli deilda um haustið.

Elstu börn – Hljóðkerfisathugun

September '16 og janúar '17 – aðstoðarleikskólastjóri tók HLJÓM2 prófið með sautján elstu börnunum.

Í janúar var HLJÓM2 endurtekið hjá þeim börnum (þrjú börn) sem voru slök og höfðu þau bætt sig verulega. Foreldrar fengu niðurstöður. Foreldrar þeirra barna sem voru slök fengu leiðbeiningar. Niðurstöðum var skilað til grunnskóla um vorið.

Fræðsluverkefni fyrir áramót

Eldri deildir unnu með einstaklinginn í sínu umhverfi. Með áherslu á hópefli, vináttu, samskipti og hjálpsemi.

Yngri deildir héldu áfram með „Heilbrigði og vellíðan“ frá fyrra ári.

Á skipulagsdegi í nóvember fór fram umræðumat um verkefnið. Niðurstaðan í umræðunni var að þessi verkefni hefðu gengið vel þrátt fyrir mikla fáliðun í starfsmannahópnum.

Verkefni fóru í ferilmöppu barnanna frá haustinu.

Fræðslustarfmappan

Myndræn skráning á verkefnum vetrarins ásamt hugmyndavef (könnunaraðferðin) frá öllum deildum fór inni fræðslumöppuna. Mappan er aðgengileg öllum starfsmönnum. Haldið verður áfram að setja hugmyndir og vinnuferla í möppuna.

Þjóðsagan

Stöðumat var gert í júní á þjóðsögunni Gilitrutt af faghópi leikskólans, út frá stöðluðu umræðuformi. Í heildina gekk verkefnið vel. Sagan var lesin á hverjum degi á öllum deildum í upphafi. Á yngri deildum var sagan lesin lengur á hverjum degi (alveg í 6 vikur) en eftir um 3 vikur á eldri deildum var sagan lesin 2-3 x í viku. Sagan höfðaði til barnanna, þau voru fljót að læra ýmsa „frasa“ og nýta í leikinn. Endursögn barnanna var ítarleg, þau höfðu góða yfirsýn yfir söguþráðinn og flestar persónur/atburði sem voru í sögunni. Börnin voru mjög áhugasöm og skapandi í öllu starfinu. Þau tengja ýmsa þætti úr sögunni inni leikinn og daglegt líf (matmálstíma, gönguferðir, samskipti sín á milli). Foreldrar fengu þjóðsöguna heim og voru hvattir til að lesa hana með barninu sínu. Foreldrar sem tala litla íslensku fengu hana á hljóðdisk.

Endursögn hvers barns var skráð niður ásamt teikningu úr sögunni og fór það í ferilmöppu barnsins. Þetta verkefni vekur alltaf mikla lukku á opna húsinu hjá gestum okkar.

Í foreldrakönnun SFS (auka spurning Klettaborgar) kom fram að 78% foreldra segja að barnið sýni þjóðsögunni áhuga og segi frá henni heima.

Dagskipulagið – ýmis (föst) verkefni

Umræðumat eftir ákveðnu formi. Hver deild fór yfir dagskipulagið hjá sér í nóvember og valdi ákveðna þætti sem starfsmenn töldu að þyrfti að vinna betur með. Mismunandi var eftir deildum hvaða þættir voru valdir, en flestir þættir voru þess eðlis að skerpa þyrfti á vinnubrögðum og halda

betur utanum ákveðin verkefni sem eru dagleg í starfinu.

Einnig voru tvö föst verkefni rædd og metin á fagfundi í júní '17.

- **Litavikur**

Almenn ánægja með þessar vikur, þær falla vel að starfinu og tengjast ýmsum áherslum í samfélaginu t.d. gulur litur yfir páska, rauður litur fyrir jólin, hvítur litur eftir jólin. Börnin eru áhugasöm og foreldrar taka þátt með því að styðja börnin í að klæðast fatnaði í viðkomandi lit í lok vikunnar. Mörg fjölbreytt og skemmtileg listsköpunarverkefni voru unnin. Þetta verkefni er orðinn fastur viðburður í ársáætlun leikskólans og heldur áfram næsta ár.

- **Sérstakir dagar**

Mjög skemmtilegt verkefni að mati starfsmanna. Það brýtur upp hversdaginn með ýmsu sprelli t.d. rugldagur, vasaljósadagur, höfuðfatadagur. Þátttaka barnanna er mjög góð og vel studd af foreldrum. Þessir dagar halda áfram og verður frekar fjölgað en fækkað.

Matsþættir vegna umbótaáætlun 2016-2017

Jólastarfið

Jólastarfið hefur verið með svipuðu sniði síðustu ár. Í umræðumati starfsmanna á skipulagsdegi komu í ljós ýmsir vankantar sem tengjast m.a. tímasetningum verkefna og ferð barna í Húsdýragarðinn í samstarfi við Hamraskóla.

Umbætur - Áætlun gerð um tímasetningu verkefna og samstarf milli deilda. Hópur settur á laggirnar til þess að endurskoða fyrirkomulag ferðar í Húsdýragarðinn með tilliti til öryggis barna og almenningsgangna.

Ábyrgð – Deildastjórar. **Hvenær metið** - Hópur settur saman í haust, metið í janúar.

Niðurstaða:

Ákveðið var að hætta með ferðina í Húsdýragarðinn vegna erfiðra strætósamgangna og var farið í Gufunesbæ í staðinn í samstarfi við nemendur í Hamraskóla. Ferðin var vel heppnuð að mati starfsmanna og verður þetta fyrirkomulag á næsta ári.

Foreldrar höfðu samband við leikskólann vegna kirkjuferðar og jólasögu-leikrits/helgileiks og gerðu athugasemdir um þessa þætti og vísuðu í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög. Efir umræður/samræður við marga aðila (starfsmenn, foreldraráð, fagaðila, aðra skóla o.fl.) var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu á kirkjuferðinni, en halda fyrirkomulaginu á jólasögu-leikritinu. Boðið verður uppá val milli þess að fara í heimsókn á bókasafn og vera þar með jólastund eða í kirkjuna eins og verið hefur og vera þar í jólastund með prestinum. Foreldrar munu velja fyrir sitt barn í hvora ferðina það fer.

Að öðru leyti verður jólastarf leikskólans með sama sniði og verið hefur.

Móttaka nýliða

Deildastjórar voru sammála um að móttökuáætlunin í heild væri nokkuð góð, en uppfæra þarf viðtalsgögn. Leiðbeiningasamtöl verði sett í forgang.

Umbætur - Uppfæra gátlistann og viðtalsblöð í móttökuáætlun. Útbúa bækling fyrir nýja starfsmenn með hagnýtum upplýsingum um ýmsa þætti í starfinu.

Ábyrgð-Leikskólastjóri og deildastjórar. **Hvenær er metið** - Nóvember og mars.

Niðurstaða:

Þetta verkefni náðist ekki að gera vegna faliðunar, þó voru flestir nýliðar í markvissum leiðbeiningasamtölum hjá sínum deildarstjóra og „gamla“ móttökuáætlun var nýtt eins og áður.

Verkefnið verður áfram næsta vetur og deildarstjórar gera gátlista um þau gögn/umræðuþætti sem ætti að bæta við „gömlu“ móttökuáætlunina til þess að aðlaga hana betur að nýrri kynslóð.

Jákvæð og glaðleg samskipti

Skráningar á jákvæðum og glaðlegum samskiptum eru gerðar tvisvar yfir veturinn. Skráningarnar og úrvinnsla þeirra var ekki eins markviss og vonir stóðu til, m.a. vegna faliðunnar. Áhugi á að gera verkefnið sýnilegra.

Umbætur - Skoða tímasetningar og fyrirkomulag. Fara yfir tilgang og mikilvægi skráninga á skipulagsdegi. Gera verkefnið sýnilegra, m.a. með því að kynna það fyrir starfsfólki, foreldrum og börnum.

Ábyrgð - Matsteymi og deildastjórar. **Hvenær metið** –Janúar.

Niðurstaða:

Tímasetningar og fyrirkomulag var aðeins breytt.

Eftir fyrri skráningu var farið yfir þær á deildarfundum og gerð áætlun um viðbrögð þar sem þess þurfti. Eftir seinni skráningu var ekki farið yfir skráningarnar vegna faliðunnar. Allir starfsmenn telja að þessi skráning sé mjög gagnleg, auki meðvitund um jákvæð og glaðleg samskipti og gefi vísbendingar um þau börn sem oft er verið að leiðrétta í „réttu“ hegðun. Það er ástæða til að fylgja þeim börnum betur eftir og styðja til betri vegar.

Verkefnið var kynnt vel fyrir starfsmönnum á skipulagsdegi haustsins. Ábótavant var að kynna það fyrir foreldrum og börnum. Verkefnið verður áfram næsta vetur með áherslu á að vikka það betur út í starfsmannahópinn t.d. með sérstökum sýnilegum áherslum vikuna fyrir skráningartímabilin og kynna það í fréttapósti fyrir foreldrum og tengja börnin við þessi hugtök þ.e. að vera jákvæður og glaðlegur í samskiptum við aðra.

Heilbrigði og vellíðan – Hrafnaklettur og Kríuklettur

Í fræðsluverkefni fyrir áramót var byrjað að vinna með Heilbrigði og vellíðan á Hrafnakletti og Kríukletti. Verkefnið var sýnilegt börnum og foreldrum með myndaskráningu. Ákveðið að halda verkefninu áfram og þróa það frekar.

Umbætur - Verkefnið gert sýnilegra m.a. með myndaskráningu á deild, spjaldtölvuskráningu (Book creator) og tengingu við aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Klettaborgar.

Ábyrgð - Deildastjórar, allir starfsmenn. **Hvenær metið** –Janúar.

Niðurstaða:

Metið á umræðufundi í lok nóvember. Starfsmenn töldu að verkefni hafi gengið vel, þrátt fyrir faliðun á haustönninni. Myndaskráning var sýnileg öllum í leikskólanum og á Degi leikskólans í febrúar var myndaskráning sýnd í salnum. Í myndaskráningunni var tengt við aðanámskrá og skólanámskrá með því að setja áherslur/setningar þaðan við myndirnar. Það náðist ekki að gera spjaldtölvuskráningu eins og áætlað var á annarri deildinni.

Læsi – Arnarklettur og Fálkaklettur

Í öllu starfi leikskólans er unnið af metnaði með læsi á margvíslegan hátt. Markmið næsta vetrar er að draga fram námsgögn leikskólans og vinna með þau, þannig að vinnan verði áþreifanlegri/sýnilegri.

Umbætur - Tengja vinnu með læsi við námsgögn leikskólans. Unnið verður markvisst með „Lubbi finnur málbein“ á báðum deildum, auk þess mun Fálkaklettur vinna með „Sögugrunninn“ með elstu börnunum.

Ábyrgð - Deildastjórar, allir starfsmenn. **Hvenær metið** –Janúar.

Niðurstaða:

Lubba verkefnið var unnið á deildunum, en Sögugrunnurinn var ekki nógu markvisst tekið inn með elstu börnunum. Öll börn lærðu og unnu með þulur. Á Fálkakletti voru orð tekin úr þulunum og unnið sérstaklega með þau. Skráning á sögulestri er á deildunum. Að mati starfsmanna er unnið mikið með læsi í daglegu starfi í hinum ýmsu verkefnum, þó það séu ekki „bein námsgögn“.

Verkefnið heldur áfram næsta vetur.

Tilraunir og vísindi - Arnarklettur

Unnið var með tilraunir og vísindi nokkrum sinnum síðasta vetur á Arnarkletti. Verkefnin vekja alltaf áhuga hjá börnunum og markmiðið að gera enn betur næsta vetur.

Umbætur - Nýta námsgögn/bækur leikskólans og skipuleggja verkefni fram í tímann. Markmið að hafa tilraunir/vísindi a.m.k. 2 sinnum í mánuði.

Ábyrgð - Allir starfsmenn. **Hvenær metið** - Á deildarfundi í janúar og maí.

Niðurstaða:

Þetta gekk nokkuð vel eftir, þó féllu örfáar stundir niður vegna faliðunar og/eða annarra verkefna. Haldið var utan um verkefnin og þau sett í vinnuöppu deildar.

Vettvangsferðir/útikennsla – Arnarklettur og Fálkaklettur

Undanfarin ár hefur markvist verið farið í vettvangsferðir á Arnarkletti og verður því haldið áfram næsta vetur. Útisvæðið Óðal hefur verið heimsótt ásamt nánasta umhverfi leikskólans.

Á Fálkakletti hefur þetta verkefni byrjað vel á haustin en fallið of oft niður eftir áramótin.

Markmið fyrir næsta vetur er að vera með markvissari kennslu í ferðunum og tengja okkur enn betur við hugtakið útikennsla.

Umbætur - Skipuleggja ferðir og nýta námsgögn leikskólans sem tengjast útikennslu. Kynna okkur hvað Gufunesbær hefur upp á að bjóða og fara markvisst í heimsóknir þangað.

Ábyrgð - Allir starfsmenn. **Hvenær metið** - Á deildarfundi í janúar og maí.

Niðurstaða:

Arnarklettur – Gekk vel, mörg skemmtileg verkefni unnin í útikennslunni, mikil áhersla á hreyfingu og hreyfileika.

Fálkaklettur – Gekk vel um haustið, en vegna faliðunar á deildinni var erfitt að halda áfram með þetta verkefni.

Veðurfræðingur - Arnarklettur

Á Arnarkletti hefur verið unnið með veðurfræðing undanfarin ár. Barnahópurinn er fjölbreyttur og erum við að leita leiða til þess að gera verkefnið áhugavert fyrir börnin og útfæra það þannig að það vekji áhuga allra.

Umbætur - Stytta tímann, velja veðurfræðing fyrir um morguninn. Halda áfram að leita leiða til að gera verkefnið áhugavert. Efla veðurlæsi barnanna og vekja áhuga á mismunandi veðurhugtökum ásamt því að efla þau í að velja klæðnað við hæfi í útveru.

Ábyrgð - Allir starfsmenn. **Hvenær metið** - Á deildarfundi í janúar og maí.

Niðurstaða:

Veðurfræðingurinn fór ekki af stað fyrir áramótin, en ætlunin var að koma því vel af stað eftir áramót, en það náðist ekki að öllu leyti. Þetta verkefni verður áfram í þróun næsta vetur.

Sérstakt verkefni samkvæmt matsáætlun – valið af matsteymi

ECERS – Umönnun og daglegt líf

Matsteymið ákvað að í ár yrði gert mat á umönnun og daglegu lífi út frá ECERS kvarða sem er sérhæfður matskvarði fyrir leikskólastarf. Þar eru þessir þættir skilgreindir: Að taka á móti börnum og skila þeim, Máltíðir/hressing, Hvíld/svefn/róleg stund, Hreinlæti, Að klæða sig úr og í.

Hver starfsmaður gaf hverjum þætti stig út frá viðmiði kvarðans og eigin sýn. Deildir fóru yfir það saman og ræddu mismunandi stigagjöf á milli starfsmanna og rökstuddu sína stiga gjöf. Eftir umræðu gat starfsmaður ýmist hækkað eða lækkað stigagjöfina með rökstuðningi.

Niðurstaða:

Flestir þættir í þessum lið eru í góðu lagi. Umræðurnar eru mjög gagnlegar og vekja starfsmenn til umhugsunar um að gera ýmsa þætti betur, því alltaf má bæta eitthvað.

Hver deild fer yfir sínar niðurstöður í haust og rifjar upp umræðuna til að minna á verkefnið. Í foreldrakönnun SFS (auka spurning Klettaborgar) kom fram að 97% foreldra telja (alltaf/oftast) að það sé vel tekið á móti þeirra barni og 93% foreldra telja (alltaf/oftast) að barnið sé kvatt af starfsmann þegar það er sótt.

Matsþættir vegna áherslur í starfi leikskólans 2016-2017 **og verkefna tengdum starfsáætlun SFS**

Ferilmappa fyrir hvert barn

- Haldið verður áfram að setja inn verkefni í möppuna, kynna hana fyrir foreldrum, gera leikskólastarfið sýnilegra og skapa varanlegar minningar fyrir barnið um leikskólaveru sína. Gátlisti þar sem verkefni/grunnþættir/áherslur eru talin upp og eiga að vera í hverri möppu fyrir hvert barn. Hver deild getur til viðbótar sett þar inn annað sem til fellur.

Niðurstaða:

Gátlistinn er kominn. Möppurnar eru sýnilegar á deildum og sérstaklega „dregnar“ fram á dögum sem foreldrar eru í heimsókn t.d. bóndadagur og konudagur, afa og ömmu kaffi, opið hús.

Mat – sýn barna

- Haldið verður áfram með verkefni elstu barna um sýn þeirra og væntingar til grunnskólans. Einnig verður athugað með að nota „demanta aðferð“ í mati á leikskólastarfi til að fá fram viðhorf/líðan barna á hin ýmsu verkefni leikskólans.

Niðurstaða:

Fræðsla og kynning á þessari matsaðferð var fyrir stjórnendur leikskólans frá tölfraeðideild SFS. Hugað verður að því að prufa aðferðina sumarið 2017 með árgangi '12.

Jafnréttisáætlun

- Áætlunin sem gerð var 2014-2015 heldur velli og framlengist á þetta ár.
- Hver deild skoðar bækur og greinir með „staðalmyndagleraugum“ samkvæmt Bechdel prófi og/eða Mako Mori prófi.

Niðurstaða:

Starfsmönnum þykir þetta verkefni þurrt og líflaust, og því hefur það ekki náðst að fara vel af stað. Næsta vetur er ætlunin að tengja það við áherslur SFS í umbótum v/lýðræði, jafnrétti, mannréttindi og lesa eina bók í viku með „staðalmyndagleraugum“ og skrá niðurstöður við bókasjaldið í lestrarorminum.

Græn skref

- Það gengur hægar en áætlað var að innleiða græn skref, vinnan heldur áfram næsta vetur. Unnið að því að fá skref nr. 2 ásamt því að efla börn betur í umhverfisvitund í daglegu starfi.

Niðurstaða:

Það er mat starfsmanna að hér verði látið staðar numið og ekki haldið áfram að vinna að því að fá fleiri skref í þessu verkefni frá Reykjavíkurborg. Í skrefi 2 er t.d. verkefni sem erfitt er að uppfylla í leikskólanum og má þar nefna að breyting hefur verið á rekstri eldhúss, sem nú er komið í útvistun, og það fyrirtæki er ekki með flokkun á rusli.

Í Klettaborg höldum við áfram að efla umhverfisvitund barnanna í daglegu starfi, elstu börnin fara t.d. í heimsókn í Sorpu og fá þar fræðslu og einnig verður nýtt það sem fellur til í öðrum grænum

skrefum sem passar við leikskólann.

Þekkingarheimsóknir

- Farið verður í þekkingarheimsóknir í aðra leikskóla t.d. v/græn skref og umhverfisvitund barna, ferilmöppur barna og skráningar. Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir því að skipuleggja þessar heimsóknir.

Niðurstaða:

Allir starfsmenn fóru í a.m.k. tvær þekkingarheimsóknir á aðra leikskóla.

Gildin í Klettaborg – sýnileg

- Gildin í Klettaborg eru: gleði-virðing-öryggi. Gildin eru leiðarljós Klettaborgar. Þau eru skilgreind í skólanámskrá Klettaborgar, en stefnt verður að því að setja þau upp í þannig form (plakat) að þau verði sýnileg í leikskólanum.

Niðurstaða:

Fræðsla um gildi í leikskóla var á skipulagsdegi fyrir alla starfsmenn. Leikskólastjóri Brákaborgar kom á skipulagsdegi og sagði frá þróunarverkefni sem unnið var þar. Ekki náðist að vinna að sýnileika gilda Klettaborgar – en fullur hugur er að gera það og verkefnið heldur því áfram næsta vetur.

Leikskólaperlan

- Leikskólaperlan er myndræn túlkun af margþættu námi barna í leikskólanum. Myndin er í skólanámskrá Klettaborgar til að undirstrika og sýna á aðgengilegan hátt hvernig barnið er í brennidepli og allt starf í leikskólanum snýst um það með umhyggju, nám og fagmennsku að leiðarljósi og leikinn sem aðalleið barnsins í daglegu starfi.
- Fræðsla til starfsmanna verður til að efla sýn þeirra á þessa samþættingu og tengsl við allt daglegt starf í leikskólanum.

Niðurstaða:

Þetta verkefni fékk ekki tíma í daglegu amstri, því miður vegna fáliðunar, en verður áfram á áætlun næsta vetur.

Samvinna/hjálpssemi barna

- Lífsleikni, samkennd, virðing, umhyggja og tillitssemi eru gerð skil í skólanámskrá Klettaborgar. Til að vinna að þessum þáttum enn frekar með börnunum þá verður lögð áhersla á að eldri börn verði virkari í að „aðstoða“ yngri börn við ýmsar athafnir og sýni þannig umhyggju og hjálpssemi. Má þar nefna t.d. að fylgja yngri börnum úr Glym (vinastund á föstudögum) inná sína deild, aðstoða við að klæða úr þegar yngri börn kom inn, koma í leiktíma inná yngri deildir. Allir starfsmenn skipuleggja þetta.

Niðurstaða:

Elstu börnin voru markvisst hvött til að aðstoða yngstu börnin úr vinastund inná sína deild. Umræða um hjálpssemi jókst á milli barna og starfsmanna. Mörg börn höfðu frumkvæði að hjálpssemi í t.d. í útiveru og í leiktíma á deild. Það er mat starfsmanna að þetta verkefni hafi heppnast vel, þó alltaf megi gera betur, en mikilvægt er að starfsmenn séu góðar fyrirmyndir og bendi börnunum á þegar þau eru að sýna öðrum hjálpssemi.

Umbótaþættir úr starfsáætlun SFS 2016-2017 – tengdir við starf Klettaborgar

Sjá nánar markmið SFS í starfsáætlun Klettaborgar 2016-2017 bls. 19-22

Niðurstaða:

Mörg verkefni í Klettaborg tengjast umbótaþáttum SFS. Það er mat faghópsins (samræðumat og

yfirferð á verkefnum deilda) að þau verkefni sem tilgreind eru í starfsáætluninni 2016-2017 bls. 19-22 „Verkefni í Klettaborg-ótæmandi upptalning“ hafi verið í gangi í starfi Klettaborgar þennan vetur. Sum verkefni eru meira á einni deild og önnur meira á annarri deild. Þessi verkefni (ásamt fleirum) halda áfram næsta vetur. Einnig verður eitt verkefni í hverjum þætti þar dýpkað.

2.2 Umbætur 2017-2018 út frá niðurstöðum innra mats 2016-2017

Eins og fram kemur í kafla 2.1 (óformlegt mat), þá er verið að meta og gera umbætur í leikskólastarfinu allan veturinn. Á rýni- og vinnufundum var farið yfir dagskipulagið og ýmiss verkefni leikskólans. Allir starfsmenn tóku þátt í því mati.

Í starfsviðtölum kom fram að þrátt fyrir nokkuð erfiðan vetur í starfsmannahaldi, þá hefur gengið ótrúlega vel að halda utan um flest verkefni í leikskólanum. Þó eru ákveðin verkefni frá síðasta ári sem halda áfram í þróun (umbótum) til að festast betur í sessi.

Dagskipulagið

Umbætur - Dagskipulag leikskólans verður skoðað og rýnt í tímasetningar yfir daginn með það að markmiði að draga úr tímum þar sem „klippi“ er á leik eða verkefni og skapa meira flæði í daglegu starfi.

Ábyrgð – Deildarstjórar. **Hvenær metið** – Á fundi í janúar.

Móttaka nýliða

Deildastjórar voru sammála um að móttökuáætlunin í heild væri nokkuð góð, en uppfæra þarf viðtalsgögn. Leiðbeiningasamtöl verði sett í forgang.

Umbætur - Uppfæra gátlistann og viðtalsblöð í móttökuáætlun. Útbúa bækling fyrir nýja starfsmenn með hagnýtum upplýsingum um ýmsa þætti í starfinu.

Ábyrgð- Leikskólastjóri og deildastjórar. **Hvenær er metið** - Nóvember og mars.

Jákvæð og glaðleg samskipti

Skráningar á jákvæðum og glaðlegum samskiptum eru gerðar tvisvar yfir veturinn. Skráningarnar og úrvinnsla þeirra var ekki eins markviss og vonir stóðu til m.a. vegna faliðunnar. Áhugi á að gera verkefnið sýnilegra.

Umbætur - Skoða tímasetningar og fyrirkomulag. Fara yfir tilgang og mikilvægi skráninga á skipulagsdegi. Gera verkefnið sýnilegra m.a. með því að kynna það fyrir starfsfólki, foreldrum og börnum. Hafa sérstakar áherslur sýnilegar vikuna fyrir skráningartímabilin og kynna það í fréttapósti fyrir foreldrum og tengja börnin við þessi hugtök þ.e. að vera jákvæður og glaðlegur í samskiptum.

Ábyrgð -Matsteymi og deildastjórar. **Hvenær metið** –Janúar.

Veðurfræðingur - Arnarklettur

Á Arnarkletti hefur verið unnið með veðurfræðing undanfarin ár. Barnahópurinn er fjölbreyttur og erum við að leita leiða til þess að gera verkefnið áhugavert fyrir börnin og útfæra það þannig að það vekji áhuga allra.

Umbætur - Stytta tímanna, velja veðurfræðing fyrir um morguninn. Halda áfram að leita leiða til að gera verkefnið áhugavert. Efla veðurlæsi barnanna og vekja áhuga á mismunandi veðurhugtökum ásamt því að efla þau í að velja klæðnað við hæfi í útiveru.

Ábyrgð - Allir starfsmenn. **Hvenær metið** - Á deildarfundi í janúar og maí.

Vettvangsferðir/útikennsla – Fálkaklettur

Á Fálkakletti hefur þetta verkefni byrjað vel á haustin en fallið of oft niður eftir áramótin. Markmið fyrir næsta vetur er að vera með markvissari kennslu í ferðunum og tengja okkur enn betur við hugtakið útikennsla.

Umbætur - Skipuleggja ferðir og nýta námsgögn leikskólans sem tengjast útikennslu. Kynna okkur hvað Gufunesbær hefur upp á að bjóða og fara reglulega í heimsóknir þangað.

Ábyrgð - Allir starfsmenn. **Hvenær metið** - Á deildarfundi í janúar og maí.

Gildin í Klettaborg

Gildin í Klettaborg eru: gleði-virðing-öryggi. Gildin eru leiðarljós Klettaborgar. Þau eru skilgreind í skólanámskrá Klettaborgar,

Umbætur - Stefnt verður að því að setja þau upp í þannig form (plakat) að þau verði sýnileg í leikskólanum.

Ábyrgð – Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. **Hvenær metið** – Febrúar/mars.

Leikskólaperlan

Leikskólaperlan er myndræn túlkun af margþættu námi barna í leikskólanum. Myndin er í skólanámskrá Klettaborgar til að undirstrika og sýna á aðgengilegan hátt hvernig barnið er í brennidepli og allt starf í leikskólanum snýst um það með umhyggju, nám og fagmennsku að leiðarljósi og leikinn sem aðalleið barnsins í daglegu starfi.

Umbætur - Fræðsla til starfsmanna verður til að efla sýn þeirra á þessa samþættingu og tengsl við allt daglegt starf í leikskólanum.

Ábyrgð – Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. **Hvenær metið** – Febrúar/mars.

Áherslur SFS – umbætur

Sjá kafla 3 – einn þáttur í hverju verkefni verður dýpkaður.

Ábyrgð – Deildarstjórar. **Hvenær metið** – Á fundi í janúar og maí.

2.3 Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi leikskólanum bréf í ágúst 2015 þess efnis að kynna niðurstöður úr könnun sem þeir gerðu í október 2014. Könnunin var gerð meðal leikskólastjóra um innleiðingu laga um leikskóla og þar var m.a. spurt um starfsreglur foreldraráðs. Þeim þætti var ábótavant í Klettaborg og óskaði ráðuneytið eftir úrbótum á því. Foreldraráðið setti niður starfsreglur vorið 2017 og eru þær í fylgiskjölum.

SFS gerði viðhorfskönnun meðal starfsmanna og einnig meðal foreldra.

Niðurstöður úr þessum könnunum komu seint til leikskólans og verða skoðaðar með starfsmannahópnum haustið 2017 og þá verður tekin ákvörðun um hvort eða hvaða þættir fara í umbótaáætlun.

Annað ytra mat var ekki í leikskólanum s.l. vetur.

2.4 Matsáætlun/umbótaáætlun

Starfið í heild og ýmiss verkefni eru metin jafnt og þétt yfir veturinn. Allir koma að matinu á einhvern hátt, þó koma kennarar og stjórnendur meira að matinu en aðrir starfsmenn.

Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni (frá SFS) er fylltur út fyrir hvert barn 1-2x yfir veturinn.

Hljóm2 er lagt fyrir elstu börnin og Íslenski þroskalistinn er fylltur út af mæðrum hjá næst elstu börnunum. Niðurstöður eru nýttar við gerð einstaklingsáætlunar og ræddar í foreldraviðtölum.

Að hausti er ákveðið sérstakt matsverkefni í starfinu út frá matsáætlun leikskólans. Allir/flestir starfsmenn (eða matsteymi) koma að því að velja það verkefni og vinna að matsgögnum fyrir það ásamt áætlun um framkvæmd.

Yfirlit yfir matsþætti er í töflu hér að neðan. Sjá nánar skýringu á bókstaf F,U,Á,S í ATH dálki í töflunni.

F = fastir liðir í árlegu mati leikskólans.

U = matsþættir vegna umbótaáætlunar 2017-2018.

Á = matsþættir vegna áherslna í starfi leikskólans 2017-2018.

S = matsþættir vegna verkefna í nýrri skólanámskrá Klettaborgar.

Tími	Matsþáttur	Gögn	Hverjir meta	Ábyrgð	ATH
Allur veturinn	Dagskipulagið á deildum og ýmis (föst) verkefni	Umræðumat á deildarfundum	Deildarstarfsmenn	Deildarstjórar	F
Ágúst – sept.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Aðst.leik.stj.	Aðst.leik.stj.	F
Sept. - okt.	Sjálfsmynd og félagsfærni	Gátlisti	Deildarstjórar	Deildarstjórar	F
Okt. – nóv.	Fræðslustarfsmappa v/haustverkefni	Skráningar	Deildarstjórar	Aðst.leik.stj.	F
Nóvember	Móttaka nýliða	Sjá umbætur	Deildarstjórar	Leik.stj. og dstj	U
Janúar	Jákvæð og glaðleg samskipti	Skráning	Allir starfsmenn	Matsteymi Deildarstjórar	U
Janúar	Vettvangsferðir/útinám	Skráningar	Starfsm. Fk.	Deildarstjóri	U
Janúar	Veðurfræðingur	Skráningar	Starfsm. Ak.	Deildarstjóri	U
Janúar	Samvinna/hjálpsemi	Skráningar	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	Á
Janúar	Þekkingarheimsóknir	Skráningar	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Janúar	Jafnréttisáætlun Tengt við umbætur SFS	Greiningartæki Bechdel eða Mako Mori	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	Á+U
Janúar	Áherslur v/SFS	Umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	U
Jan. – feb.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Aðst.leik.stj.	Aðst.leik.stj.	F
Febrúar/mars	Gildin í Klettaborg	Sjá umbætur	Leik. og aðst. stjóri	Leik. og aðst. stjóri	U
Febrúar/mars	Leikskólaperlan	Sjá umbætur	Leik. og aðst. stjóri	Leik. og aðst. stjóri	U
Mars	Móttaka nýliða	Sjá umbætur	Deildarstjórar	Leik.stj. og dstj	U
Mars – apríl	Þjóðsagan	Stöðumat	Allir starfsmenn	Aðst.leik.stj.	F
Mars – apríl	Mat – sýn barna	Skráningar	Starfsm. á Fk. og Ak.	Deildarstjórar	Á
Mars - apríl	Fræðslustarfsmappa v/þjóðsaga	Skráningar	Deildarstjórar	Aðst.leik.stj.	F
Maí	Jafnréttisáætlun Tengt við umbætur SFS	Greiningartæki Bechdel eða Mako Mori	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	Á+U
Maí	Áherslur v/SFS	Umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	U
Maí	Þekkingarheimsóknir	Skráningar	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Maí	Samvinna/hjálpsemi	Skráningar	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	Á
Maí	Vettvangsferðir/útinám	Skráningar	Starfsm. Fk.	Deildarstjóri	U
Maí	Veðurfræðingur	Skráningar	Starfsm. Ak.	Deildarstjóri	U

3. Umbótaþættir SFS

3.1 Í starfsáætlun skóla- og frístundsviðs 2017-2018 verður áfram lögð áhersla á fjóra umbótaþætti og sett fram dæmi um hlutverk starfsstaða fyrir hvern þeirra.

Í þessum kafla skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst dýpka sig í vinnu á þessum umbótaþáttum byggt á vinnu síðasta árs.

Kafli 3 er eingöngu tengdur við starfsáætlun skóla- og frístundasviðs, sem kallar eftir upplýsingum frá leikskólum um þá þætti sem eru hér að neðan. Í Klettaborg er unnið með alla þessa þætti í starfinu og verða nefnd nokkur verkefni/leiðir sem falla undir þessar áherslur SFS. Til viðbótar er einn þáttur dreginn út og hann dýpkaður í starfinu fyrir veturinn 2017-2018.

3.1 Málproski, lestrarfærni og lesskilningur

Framtíðarsýn um málproska, læsi og lesskilning

- Öll börn í grunnskólum geti lesið sér til gagns.
- Samfella verði í móðurmálsnámi og þverfaglegt samstarf þar um í skóla- og frístundastarfi.
- Börn og unglingar verði gagnrýnir og meðvitaðir notendur fjölmiðla og samfélagsmiðla.
- Í öllu skóla- og frístundastarfi verði áhersla á læsi í víðum skilningi, t.d. umhverfislæsi og fjármálalæsi.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS:

- Beita snemmtækri íhlutun til að bregðast við niðurstöðum greininga um málproskaröskun eða lestrarörðugleika og til þess að fyrirbyggja erfiðleika í þroska og námi.
- Efla samstarf við foreldra um læsi barna og ungmenna og skerpa á hlutverki þeirra í lestrarþjálfun barna alla skólagönguna.
- Vinna á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólum á grunni læsisstefnu leikskóla.
- Vekja áhuga barna og ungmenna á læsi á fjölbreyttan hátt.

Verkefni í Klettaborg – ótæmandi upptalning:

- Markviss lestur, skráning á lestri
- Þjóðsagan, skráningar
- Ritmál sýnilegt
- Bækur aðgengilegar og reglulega skipt út, ferðir á bókasafn
- Þulur, söngur, frásögn, endursögn, orð vikunnar, ljóðagerð
- Verkefni elstu barnanna
- Vettvangsferðir / umhverfislæsi
- Dagur ísl. tungu – samstarf við grunnskóla

Verkefni sem verður dýpkað 2017-2018

- Markviss lestur, skráning.
 - Lestur skráður í lestrarorm á deildum. Á yngri deildum er lestur í samveru eftir hádegi, á eldri deildum er lestur í samverustundum og hvíld. Eftir áramót markviss lestur í þjóðsöguverkefninu og teknar inn aðrar þjóðsögur til umræðu með börnunum.
 - Deildarstarfsmenn meta út frá skráningum, deildarstjóri ábyrgur.

3.2 Verk-, tækni- og listnám

Framtíðarsýn um verk-, tækni- og listnám

- Skapandi starf verði grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst verði við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.
- Börn hafi jöfn tækifæri til verk-, tækni- og listnáms hvar sem þau búa í borginni.
- Börn og unglingar fái fjölbreytt tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi.
- Upplýsingatækni verði nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.
- Unglingar fái verklega framhaldsskólaáfanga metna sem valgreinar í grunnskólanámi.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS:

- Nýta fjölbreyttar leiðir til að vekja áhuga barna á verk-, tækni- og listgreinum í skóla- og frístundastarfi, m.a. í samstarfi við fagfélög og vinnumarkað.
- Finna leiðir til að vinna að nýsköpunarverkefnum.
- Vinna að því að nýta aðstöðu fyrir verk-, tækni- og listfræðslu þvert á skóla- og frístundastarfi, t.d. sérgreinastofur, bókasöfn og útikennslusvæði.
- Efla enn frekar tækifæri á sviði verk-, tækni- og listnáms á vettvangi frístundastarfs.

Verkefni í Klettaborg – ótæmandi upptalning:

- Myndsköpun, fjölbreyttur efniviður.
- Skapandi starf, fjölbreyttur efniviður
- Tölvur sem upplýsingatæki
- Safnaferðir
- Dans, hreyfing, hljóðfæri, söngur, hlustun
- Fjölbreytt námsgögn s.s. kubbar, mekkano, seglar, tilraunir

Verkefni sem verður dýpkað 2017-2018

- Fjölbreytt námsgögn s.s. kubbar, perlur.
 - Efla talnalæsi og rýmisgreind með því að hafa aðgengileg, fjölbreytt og krefjandi perluverkefni og gefa börnum kost á að búa til sín eigin mynstur/verkefni út frá sínu áhugasviði. Þjóða uppá mismunandi kubba og teikningar til að byggja eftir þ.e. ákveðin sköpunarverk sem ýtir undir eigin sköpun og tilraunir.
 - Deildarstarfsmenn meta út frá skráningum, deildarstjóri ábyrgur.

3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Framtíðarsýn um lýðræði jafnrétti og mannréttindi

- Börn og ungmenni verði með sterka sjálfsmynd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.
- Virðing verði borin fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.
- Börn og ungmenni verði virk í ákvörðunum um eigið nám og starf.
- Lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS

- Auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsröðun í skóla- og frístundastarfi.
- Leggja áherslu á frumkvæði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi.
- Nýta niðurstöður rannsókna á nemendamiðuðu skóla- og frístundastarfi og hvetja starfsfólk til að sækja námskeið og ráðstefnur um lýðræðislegt skóla- og frístundastarf.
- Gæta jafnréttis á öllum sviðum og vinna að eflingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar.
- Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar verði framfylgt á öllum starfsstöðvum SFS.
- Auka kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi og efla kynjafræðipækkingu starfsfólks með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin fræðum.

Verkefni í Klettaborg – ótæmandi upptalning:

- Fyrirkomulag í leiktíma, val á viðfangsefnum, félagslegt styðjandi umhverfi í leiktíma
- Þátttaka barna í mati á ákveðnum verkefnum
- Hlustum á rödd barna í samræðum, leitum eftir álitum barna, skoðanir þeirra skipta máli
- Börn hlusti á hvort annað, börn setji mörk fyrir sig gagnvart öðrum
- Börn setji orð á tilfinningar, langanir – noti orðin sín í samskiptum
- Tökum tillit til allra - leikskólinn og samfélagið er fyrir alla

Verkefni sem verður dýpkað 2017-2018

- Umræður eftir lestur bóka.
 - Í hverri viku verður bók valin v/lýðræði, jafnrétti, mannréttindi og lesin með „staðalmyndagleraugum“ og skráð við bókasjaldíð í lestrarorminum.
 - Á eldri deildum verður starfið metið með „demantaðaferðinni“ með börnunum.
 - Deildarstarfsmenn meta út frá skráningum, deildarstjóri ábyrgur.

3.4 Fjölmening

Framtíðarsýn um fjölmeningu

- Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir komi til móts við þarfir allra barna og ungmenna.
- Öll börn nái árangri í íslensku og börn með annað móðurmál verði studd til að viðhalda og efla það.
- Haft verði frumkvæði að samstarfi við foreldra.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS:

- Eru með virka íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna með áherslu á virkt tvítyngi.
- Nýta möguleika til að vera með móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna.
- Tryggja að öll börn hafi jafnt aðgengi að fjölbreyttu frístundastarfi, ekki síst börn af erlendum uppruna.
- Leita nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna.
- Leggja áherslu á gagnkvæma aðlögun og samskipti barna óháð uppruna.

Verkefni í Klettaborg – ótæmandi upptalning:

- Mynda- og textabækur sendar heim til að styðja við tvítyngd börn/foreldra – samskiptabækur
- Þjóðfánar sýnilegir
- Íslensk menning og hefðir s.s. bóndadagur, konudagur, gömlu mánaðarheitin, þjóðsaga
- Þjóðsagan send heim á cd. fyrir erlenda foreldra og stutt þýðing á sögunni á þeirra tungumáli
- Túlkur í foreldraviðtölum þar sem þess er þörf
- Efniviður fjölbreyttur m.t.t. ólíkra menningarheima
- Börn tali sitt móðurmál í leikskólanum þar sem það er hægt
- Tengiliður í leikskólanum við sérfræðing SFS

Verkefni sem verður dýpkað 2017-2018

- Þjóðfánar sýnilegir.
 - Fyrir framan deildir eru þjóðfánar barna og starfsmanna viðkomandi deildar og texti sem býður góðan dag á því tungumáli. Íslenskum fána er flaggað á afmælisdögum barna og starfsmanna.
 - Deildarstarfsmenn meta út frá skráningum, deildarstjóri ábyrgur.

4 Aðrar áherslur í stafi leikskólans

Veturinn 2017-2018 verða fyrstu skrefin í nýju verkefni tekin „Heilsuefling leikskóla“. Þetta er verkefni sem kemur frá Embætti landlæknis og Reykjavíkurborg hefur hvatt leikskóla til að taka það inn í sitt starf. Innleiðing á þessu verkefni tekur einhvern tíma (líklega um 3-5 ár). Fyrsti veturinn fer í að fræða starfsmenn og gera stöðumat í leikskólanum og velja ákveðinn þátt sem byrjað verður á. Það verða 5 leikskólar í Grafarvogi sem ætla að fylgjast að í þessu verkefni og í október verður hálfur skipulagsdagur með öllum leikskólunum nýttur í fræðslu fyrir starfsmenn.

Dagskipulagið verður í endurskoðun veturinn 2017-2018 ásamt því að ákveðin verkefni frá síðustu starfsáætlun halda áfram í starfinu og verða betur sýnileg. Einnig eru mörg verkefni komin til að vera og halda þau áfram. Auk þess hafa ný verkefni verið að þróast inni leikskólastarfið.

Markmið með þessum verkefnum er m.a. að gera leikskólastarfið sýnilegra, tryggja ákveðna þætti í skólanámskrá, hafa gleði í starfinu með börnunum, sjá tækifærin í hverjum degi fyrir sig og að allt starfsfólk sé meðvitað um hlutverk sitt gagnvart þroska og námi barna.

Leiðirnar eru fjölbreyttar og þróast út frá verkefnum.

Ábyrgðin hvílir á öllum stjórnendum leikskólans sem og öðrum starfsmönnum. Ekki eru öll verkefni sem talin eru upp hér að neðan sett í matsáætlun, en vísað er í kafla 2.4 hér að framan þar er tafla með verkefnum í matsáætlun.

Mörg verkefni hafa öðlast fastan sess í leikskólastarfinu og halda því áfram næsta vetur, má þar nefna t.d.:

- **Haustverkefni**, yngri deildir vinna saman og eldri deildir vinna saman.
- **Þjóðsagan** er eftir áramót á öllum deildum.
- **Litavikur**.
- **Sérstakir dagar** (blómaball, sólgleraugsdagur, rugldagur.....).
- **Íþróttahátíð** (eftir 17. júní).
- **Elstu börnin gróðursetja „eigið tré“** Í lok maí gróðursetja elstu börnin hvert sitt tré í garðinum. Það er táknrænt til að skilja eftir sig varanlegt spor í leikskólanum, sem getur vaxið og dafnað þó þau séu komin á annan vettvang.
- **Áherslur í samfélaginu** tengdar í leikskólastarfið (dagur ísl. tungu, dagur ísl. náttúru, góðverkavika/dagur, bangsavika/dagur, barnamenningarhátíð, lestrahátíð....).
- **Ferilmappa fyrir hvert barn**, haldið verður áfram að setja inn verkefni í möppuna, kynna hana fyrir foreldrum, gera leikskólastarfið sýnilegra og skapa varanlegar minningar fyrir barnið um leikskólaveru sína.
- **Mat – sýn barna**, haldið verður áfram með verkefni elstu barna um sýn þeirra og væntingar til grunnskólans. Á eldri deildum verður demantaðaferðin nýtt til að fá fram þeirra sýn – þetta verkefni er tengt við umbótaþátt SFS um lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.
- **Jafnréttisáætlun**, áætlunin sem gerð var 2014-2015 heldur velli og framlengist á þetta ár. Áætlunin er tengd við umbótaþátt SFS um lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.
- **iPad – spjaldtölvur**, byrjað var á að skrásetja leikskólastarfið með spjaldtölvum, búa til rafbækur um ýmiss verkefni leikskólans. Hver deild þróar á sinn hátt hvernig verkefnið nýtist/gagnast í starfinu næsta vetur.

- **Þekkingarheimsóknir**, farið verður í þekkingarheimsóknir í aðra leikskóla t.d. v/dagskipulagsins og heilsueflingu leikskóla. Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir því að skipuleggja þessar heimsóknir
- **Vogin – samstarfsverkefni skóla og frístundar í Grafarvogi**, stjórnendur stofnanna hafa fundað reglulega og rætt um sameiginleg verkefni. Þetta verkefni heldur áfram.
- **Samvinna/hjálpssemi barna**, lífsleikni, samkennd, virðing, umhyggja og tillitssemi eru gerð skil í skólanámskrá Klettaborgar. Til að vinna að þessum þáttum enn frekar með börnunum þá verður lögð áhersla á að eldri börn verði virkari í að „aðstoða“ yngri börn við ýmsar athafnir og sýni þannig umhyggju og hjálpssemi. Má þar nefna að fylgja yngri börnum úr Glym (vinastund á föstudögum) inn á sína deild, aðstoða við að klæða sig úr þegar yngri börn kom inn og koma í leiktíma inn á yngri deildir. Allir starfsmenn skipuleggja þetta.

5 Starfsmannamál

5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní '17

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	1	0.85	Leikskólakennari
Deildarstjóri	4	3.0	Leikskólakennari
Deildarstjóri	1	1,0	Grunnskólakennari (afleysing v/veikinda)
Leikskólakennari	1	0,74	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	0,75	M.Ed - þroskaþjálfarafræðum
Leikskólaleiðbeinandi A	2	2	Grunnskólakennari
Leikskólaleiðbeinandi B	2	1,8	BA – listir og sálfræði
Leikskólaliði	1*	1	Leikskólaliðanám
Leiðbeinandi	7*	6.5	Með framhaldsskóla
Leiðbeinandi v/fagnámskeið	1	0,8	Fagnámskeið 1 og 2

Ekki eru taldir með 3 starfsmenn sem eru í leyfi frá vinnu vegna leyfis, veikinda og fæðingarorlofs.

* Í hópnum eru þrír starfsmenn vegna sumarstarfa (2,5 stg.) og afl. v/leyfis og fæðingarorlofs (2 stg.).

5.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Starfsþróunarsamtöl eru tvískipt. Að hausti (sept.-nóv.) er samtal þar sem starfsmaður greinir frá áherslum sínum og tengingum við starfsáætlun leikskólans ásamt umræðum um símenntun. Að vori (mars) er samtal þar sem farið er yfir veturinn þ.e. líðan, árangur út frá markmiðum vetrarins og tæpt á næsta vetri. Á síðasta ári náðist ekki að vera með fyrra viðtalið fyrir alla, en stefnt er að því að það verði næsta ár, því þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir.

5.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Áherslur voru á fjölbreytt námskeið/fræðslu eftir þörfum leikskólans og áhuga starfsmanna sem og út frá starfsþróunaráætlun hvers starfsmanns.

- Hegðun barna, Helgi Þór Harðason hegðunarráðgjafi – allir starfsmenn
- Gufunesbær, útikennsla – allir starfsmenn
- Gildin í leikskóla, þróunarverkefni í Brákaborg, Sólrún Óskarsdóttir – allir starfsmenn
- Fræðsla um fjölmenningu, samstarf við Hamraskóla, Fríða B. Jónsdóttir – allir starfsmenn
- Þekkingarheimsóknir í leikskóla – allir starfsmenn heimsóttu tvo leikskóla til að afla sér þekkingar
- Vinnustaðamenning, núvitund, Ásdís Olsen – allir starfsmenn
- Að byrja í leikskóla, fræðslufundur um móttöku og aðlögun leikskóla barna með áherslu á fjöltyngdar fjölskyldur, SFS – þrír deildarstjórar og einn kennari
- Lubbi, fræðsla frá talmeinafræðing – þrír deildarstjórar, tveir kennarar og leikskólaliði
- Börn með skilgreind málþroskafrávik, talmeinafræðingar í Miðgarði – þrír deildarstjórar, tveir kennarar og leikskólaliði
- Tungumál er gjöf, SFS – tveir kennarar

- Læsi í leikskóla, Menntamálastofnun – kennari og leiðbeinandi
- Námsleikir fyrir leikskólabörn með áherslu á orðaforða og efnafræðileg viðfangsefni, RannUng – deildarstjóri og leikskólastjóri
- Fræðslu- og samræðufundur um virkt tvítyngi/fjöltyngi, SFS – deildarstjóri og aðst. leikskólastjóri
- Fjölmennning í leikskóla, SFS – sérkennslustjóri og aðst. leikskólastjóri
- Lubbi í leikskólalastarfi, Lubbasmiðjan – sérkennslustjóri og deildarstjóri
- Heimurinn er hér, fjölmennningarnám (6 skipti), SFS – deildarstjóri
- Ráðstefna um menntun 5 ára barna, RannUng – kennari
- Kynjaðar staðalmyndir eða hlutlaus nálgun, leiðir til að vekja áhuga stúlkna á raungreinum og stærðfræði, Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun – kennari
- Lesið í leik (8 skipti), SFS – deildarstjóri
- Kvíði barna og unglinga, EHI – kennari
- Sveitafjör, vellíðan í starfi, FSL – leikskóla- og aðstoðarleikskóla- stjórnar
- Fjölbreyttar leiðir til læsis, HÍ menntavísindastofnun - leikskóla- og aðstoðarleikskóla- stjórnar
- Málþing um menntun barna í leit að aðþjóðlegri vernd, KÍ – aðstoðarleikskólastjóri
- Streita, streituvarnir og sálfélagsleg vinnuvernd, SFS – leikskólastjóri
- Lífsgildi, námsefni fyrir leikskóla, RannUng – leikskólastjóri
- Þegar kynslóðir mætast, að stjórnna og vinna með ólíkum kynslóðum, SFS – leikskólastjóri
- Vinnugleði, mín vinna-mín líðan, EHI – leikskólastjóri
- Myndræn stjórnun – leikskólastjóri
- Fræðsla um nýtt launakerfi, SFS – leikskólastjóri
- Sjónræn stjórnun, að ná árangri með sýnilegum markmiðum, SFS – leikskólastjóri
- Heilsueflandi leikskóli, Embætti landlæknis – leikskólastjóri
- Fötluð börn og ungmenni, heildræn þjónusa, GR – sérkennslustjóri
- APES, færni matskerfi, GR – sérkennslustjóri

5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Í haust þegar ýmis námsframboð verða augljósari þá kemur betur í ljós hvaða fræðsla kemur til starfsmanna. Fyrirhugað er að allir starfsmenn sækji fræðslu sem tengist áherslum í starfinu sem og sínu áhugasviði. Fræðsla er bæði á skipulagsdögum og á öðrum tíma. Starfsmenn sækja þau námskeið, ráðstefnur, málþing sem hægt verður að koma við eftir áhugasviði þeirra og áherslum leikskólans.

Aðal áherslan verður á fræðslu sem tengist áherslum/verkefnum í leikskólalastarfinu. Haldið verður áfram að fara í þekkingarheimsóknir, sækja málþing og ráðstefnur á vegum SFS, RannUng og annarra aðila.

6. Aðrar upplýsingar

6.1 Barnahópurinn 1. júní 2017

Í lok maí 2017 voru 79 börn í leikskólanum í 656 dvalarstundum.

Stúlkur voru 37 og drengir voru 42

Í júní bættist við 1 barn, þá losnaði eitt pláss á yngri deild. Í ágúst/september koma um 20 ný börn í leikskólann.

Elstu börnin eru 17 sem fara í grunnskóla, tæplega helmingur þeirra hættir um sumarfrí eða fyrr.

Það eru 4 börn sem flytja í aðra leikskóla í öðrum hverfum.

Veturinn 2016-2017

Í október '16 var ráðinn sérkennslustjóri í 75% stöðu. Þessi staða var ný í leikskólanum og fór mikill tími í að fara yfir barnahópin með deildarstjórum og greina þarfir þeirra barna sem talið var að þyrftu sérstaka íhlutun t.d. út frá hegðun, málþroska eða annarra þroskaþátta.

Sendar voru viðtalsbeiðnir (ósk um ráðgjöf til foreldra/leikskóla) og tilvísanir (ósk um mat t.d. vegna gruns um þroskafráviks) vegna 17 barna.

Auka fjármagni var úthlutað til leikskólans til að vinna/styðja sérstaklega við þrjú börn sem voru með frákvik þess eðlis að ástæða var til. Sérkennslustjórinn vann auk þess með 18 börn í málörvunartíma frá vorönninni. Unnið var með börnunum í 3-4 barna hópum og var áætlað að hvert barn kæmi 3-4x í viku.

Ellefu börn voru af erlendum uppruna. Þar af voru sex börn með báða foreldra af öðru þjóðerni og fimm börn með annað foreldrið frá Íslandi. Erlend tungumál voru sex.

6.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í september/október. Í ráðinu eru 3 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Foreldraráð fundar, fer yfir hlutverk sitt og starfsáætlun, er á vettvangi/ræðir við starfsmenn og fylgist með starfinu (eftir aðstæðum hverju sinni), gefur umsögn um starfið og starfsáætlunina.

Foreldrafundir eru í september/október. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30-9.30 og eru tvær deildir saman á fundi. Einnig er foreldrafundur með foreldum elstu barnanna í janúar. Það er samstarfsverkefni grunnskólans (Hamraskóli) og leikskólans. Sá fundur er haldinn í grunnskólanum. Frístund er boðið að vera á þeim fundi.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin.

Foreldrafélag er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum. Einn tengiliður er í foreldrafélaginu frá leikskólanum.

6.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf er við grunnskóla hverfisins þ.e. Hamraskóla. Samstarfið byrjaði formlega 1999 og hefur verið í stöðugri þróun. Mörg samstarfsverkefni og heimsóknir eru hjá skólunum. Má þar nefna:

- Gagnkvæmar heimsóknir elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans.
- Leikskólabörnin fóru í sjö heimsóknir í grunnskólann ári 2016-2017, og fyrirhugðu er heimsókn í frístundastarfið um sumarið.
- Leikskólabörnin og börnin í 1. bekk hittast á grunnskólalóðinni og fara í leiki.
- Nemendur í 4. bekk grunnskólans lesa fyrir börn í leikskólanum á degi ísl. tungu.
- Nemendur í 6. bekk grunnskólans aðstoða leikskólabörnin í desember í heimsókn í Gufunesbæ, þar sem farið er í ratleik og höfð jólastund.
- Fundur með foreldrum elstu barna leikskólans í grunnskólanum, það er samstarf beggja skólastjóra og m.a. rætt um væntanlega grunnskólagöngu. Frístund er boðið að vera á fundinum.
- Vorskóli fyrir þau börn sem eru skráð í grunnskólann. Fyrsti bekkur grunnskólans kemur í heimsókn í leikskólann ef hægt er á meðan.

Leikskólakennarar og grunnskólakennarar hittast að hausti og gera samstarfsáætlun fyrir árið. Skil upplýsinga um börnin frá leikskólanum til Hamraskóla (og annarra skóla) hafa verið sett í skipulagt verklag.

Upplýsingafundur með foreldrum og fulltrúa nýja skólans, þar sem farið er yfir stöðu barnsins. Fulltrúi frá Frístund í Hamraskóla er einnig með á fundunum. Áður hefur leikskólakennari sett á blað upplýsingar og sent til foreldra ásamt kynningar- og fundarboði. Barnið svarar spurningum hjá leikskólakennara um væntingar til skólans og gefur upplýsingar til grunnskólans – ef það vill – um sína eiginleika. Þetta blað fær fulltrúi grunnskólans ásamt áður nefndum upplýsingum sem settar eru fram á fundinum. Einnig er afhent niðurstaða úr Hljóm.

6.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar 2017-2018

- Mánudagur 21. ágúst – eftir hádegi frá kl. 12.00
- Þriðjudagur 19. september – klukkan 8.00-10.00
- Miðvikudagur 18. október – sameignlegur dagur skóla í Grafarvogi
- Þriðjudagur 21. nóvember – allan daginn
- Fimmtudagur 11. janúar – allan daginn
- Mánudagur 12. mars – sameignlegur dagur skóla í Grafarvogi
- Föstudaginn 18. maí – sameignlegur dagur skóla í Grafarvogi
- Miðvikudagur 13. júní – klukkan 8.00-10.00

Leik- og grunnskólar voru sammála um ofantalda 3 daga sameiginlega. Einn dagur af þeim verður nýttur í sameignlegt verkefni í hverfinu þ.e. með Hamraskóla og Frístund, ekki er búið að ákveða hvaða dagur það verður.

Það getur verið erfitt að samræma skipulagsdaga leikskólans við grunnskólana, vegna ólíkra þarfa og aðstæðna í skólastarfi beggja skólastigana og þörf leikskólans fyrir aukinn undirbúning fyrir skipulagningu starfsins.

Grunnskólar hafa 13 skipulagsdaga yfir árið og nokkra skerta daga að auki.

7. Fylgiskjöl

7.1 Matsgögn

- **Fylgiskjal 1** - Mat á dagskipulagi
- **Fylgiskjal 2** – Mat á haust- fræðslustarfi 2016
- **Fylgiskjal 3** – Jákvæð og glaðleg samskipti
- **Fylgiskjal 4** – Stöðumat á þjóðsögu

Að auki voru notuð eftirfarandi stöðluð matsgögn:

- Félagsfærnilisti – staðlaður listi frá SFS – fyrir öll börn.
- Íslenski þroskalistinn – þroskalisti útg. af Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála - fyrir næst elsta árgang.
- HLIÓM2 – skimunartæki v/hljóð- og málvitund barna útg. af Námsmatsstofnun – fyrir elstu börnin.
- ECERS kvarði

7.2 Leikskóladagatal

- **Fylgiskjal 5** – Dagatal leikskólanas
- **Fylgiskjal 6** – Dagatal foreldra

7.3 Umsögn foreldraráðs

- **Fylgiskjal 7**

7.4 Annað

- **Fylgiskjal 8** – Starfsreglur foreldraráðs

Reykjavík 30. júní 2017

F. h. leikskólans Klettaborgar

Lilja Eypórsdóttir, leikskólastjóri

Fylgiskjal 1 – Mat á dagskipulagi

Dagskipulagið – verkefni. Mat á skipulagsdegi 25. nóvember 2016

Verkefni	Tími – ca.	Athugasemdir
Móttaka	7,30	
Opnun deilda	8,00	
Morgunverður Hk og Kk í Glym fyrir Fk og Ak	8,15-8,45	
Leiktími – frjáls leikur með val aðferð Körfuval hjá Fk og Ak Val..... hjá Hk og Kk Mánudagar – heimsóknir Föstudagar - vinastund	8,00	
Kaffitímar-10.00	
Samverustund	9,30	
ávaxtatími	10,00	
Vinnustundir 1-3 daga í viku Frjálst á mán. + föstud.	9,30 10,00	
Útivera fh.	?	
Undirbúningur f. Hádegisv	11,40	
Hádegisverður	11,50	
Hvöld – róleg stund		
Frjáls leikur – úti / inni	13,00	
Kaffitímar-14.....	
Nón hressing	14,45	
Samverustund	15,15	
Leiktími,	15,30	
Samantekt - skilun	16,30	

Fyrirkomulag á mati:

<ul style="list-style-type: none"> Dagskipulagið og verkefni tengd því skoðað Hver starfsmaður velur 1-3 þætti í dagskipulaginu sem hún/hann telur mikilvægt-áhugavert að skoða betur – <u>setur á gulann miða og rökstyður hvers vegna þáttur</u> 	Hugarflug í ca. 5 mínútur Einstaklingsvinna
<ul style="list-style-type: none"> Deildin fer yfir þá þætti sem voru valdir – Umræður um hvernig er staðan hjá okkur með þessa þætti Ákveða að taka fyrir þá þætti sem voru valdir eftir ákveðinni röð þ.e. hvað fyrst, hvað svo og = forgangsraða til umræðna 	Tími ca 10-15 mínútur Deildarvinna
<ul style="list-style-type: none"> Hver starfsmaður setur á gulann miða fullyrðingu um viðmið, hvernig þátturinn er þegar vel gengur - „það er vel heppnað (gengur vel) þegar.....“ <ul style="list-style-type: none"> það geta verið fleiri en ein fullyrðing frá hverjum starfsmanni 	Tími ca 5-10 mínútur Einstaklingsvinna
<ul style="list-style-type: none"> Umræða um fullyrðingarnar – rökstuðningur þeirra sem leggja þær fram Næstu skref / umbætur / nánari matsgreining 	Tími ca 15 mínútur

Fylgiskjal 2 – Mat á haustverkefnum

Mat á haustinu 2016 Fræðsluverkefni haustið 2016

Umræðumat á skipulagsdegi 25. nóvember 2016

Skráið niður – sendið til leikskólastjóra niðurstöður.

Deild.....

Hvaða verkefni var í starfsáætlun deildarinnar fyrir haustið 2016?

Hvað hefur gengið samkvæmt áætlun eða gengið vel?

Hvernig vitið þið að það hefur gengið vel?

Hvers vegna hefur það gegnið vel?

Hvað hefur hindrað að það hefur gengið samkvæmt áætlun eða gengið illa eða verið fell niður?

Hvað getum við lært af því sem hefur gengið vel ... þrátt fyrir hindranir?

Gott að rifja upp að í nóv. '15 – var svona mat gert – þar komu fram ákveðnir þættir hjá hverri deild – hefur það nýst í ár?

Hvernig gætum við brugðist við hindrunum ef þær verða aftur í næstu verkefnum starfsáætlunar?

Gott að rifja upp að í nóv. '15 – var svona mat gert – þar komu fram ákveðnir þættir hjá hverri deild – hefur það nýst í ár?

Annað sem ykkur dettur í hug?

Jákvæð og glaðleg samskipti

Deildarvinna / umræður eftir skráningartímabil á deildarfundi.

Deildarstjórar

Farið yfir ykkar samantekt, takið saman umræðuna á deildarfundi.

Sendið til mín vangaveltur:

Hvað þið / deildin ætlið að gera með skráningarnar þ.e. einhver umbótaáætlun??

Hvað þið / deildin ættuð að hafa í huga fyrir næstu skráningar – næsta vetur??

Hér eru nokkrir þættir sem gott er að hafa í huga við umræðuna.

Hver deild velur sér það sem hentar henni best.

- Er eitthvað sem vekur athygli í skráningu:
- Þarf að endurskoða einhver viðmið – eða útskýra þau betur
- Voru aðstæður á skráningartímabilum á einhver hátt
- Urðu breytingar á hegðun barna á skráningartímabilum eða eftir
- Urðu breytingar á vinnubrögðum starfsmann á skráningartímabilum eða eftir
- Hvernig gagnaðist þetta vinnublað – vankantar?
- Fengu öll börn jákvæð samskipti frá öllum starfsmönnum
- Einhver börn sem er auðvelt að gefa jákvæð-hrós
- Einhver börn sem er erfitt að gefa jákvæð-hrós
- Viðmið nr. 3 – hvaða börn / hversu oft
- Gagnsemi skráningar
- Starfsmenn sem koma af og til inná deild – hvernig á að fara með það
- Næstu skref eftir áramót + eftir seinni skráningartímabil

Fylgiskjal 4 – Þjóðsagan, stöðumat/lokamat

Stöðumat – þjóðsagan..... dags..... deild.....

Spurningar	
Er sagan lesin á hverjum degi – ef ekki hvers vegna	
Taka börnin þátt í að segja söguna þegar hún er lesin	
Hvernig hefur verkefnavinna skapast út frá sögunni	
Endursögn á sögunni með börnunum, hvaða tími er heppilegastur til þess	
Hvað hefur verið skemmtilegt við verkefnið	
Hvað hefur verið erfitt við verkefnið	
Í upphafi verkefnisins var þá eitthvað sem var fyrristaða með/ógnvænlegt	
Hefur deildarstarfið breyst - hvernig	
Skráning á verkefnum sem tengjast sögunni	
Annað	

Fylgiskjal 5 -- Dagatal leikskólans 2017-2018

Skipulagsdagar	Foreldrafundir Foreldraviðtöl	Foreldrakaffi Opið hús Afa og ömmu kaffi
21. ágúst '17 – eftir hádegi	<u>27. sept.</u> fundur foreldra barna á Hrafna- og	25. okt. – afa og ömmu kaffi kl.15.15
19. sept. '17 – kl. 8.00-10.00	Kríukletti kl. 8,30-9,30	19. jan. – pabbar í morgunmat
18. okt. '17* – allan daginn	<u>28. sept.</u> fundur foreldra barna á Fálka- og	16. feb. – mömmur í morgunmat
21. nóv. 17 – allan daginn	Arnarkletti kl. 8,30-9,30	8. maí - opið hús síðdegis
11. jan. '18 – allan daginn	<u>17. jan.</u> fundur foreldra elstu barnanna í	30. maí – elstu börnin kveðja
12. mars '18* – allan daginn	samstarfi við Hamraskóla og Frístund – fyrirvari settur við dagsetningu.	
18. maí '18* – allan daginn	Foreldraviðtöl eru í	
13. júní '18 - kl. 8.00-10.00	október og jan.-mars.	

*Þessir dagar eru sameiginlegir í flestum leik- og grunnskólum Grafarvogs.

Dagsetningar eru með fyrirvara um breytingu – allir viðburðir eru auglýstir nánar með tímasetningu. Þegar skipulagsdagur er eftir hádegi, þarf að sækja börnin kl. 12.00

Fundir starfsmanna:

Deildarstjórafundir eru á mánudögum kl. 10.15-11.00

Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild á föstudögum kl. 10.00-10.45.

Starfsmannafundir utan vinnutíma kl. 17.00-18.45: einn að hausti og einn að vori – tímasetning ákveðin síðar.

Einnig er vísað í dagatal foreldra þar sem ýmsir viðburðir eru út frá starfi með börnunum.

Fylgiskjal 6 -- Dagatal foreldra 2017-2018

<i>Ágúst -September</i>	<i>Október</i>	<i>Nóvember</i>	<i>Desember</i>
<p>21. ágúst – skipulagsdagur eftir hádegi</p> <p>4.-8.. september Græn vika</p> <p>16. sept. Dagur ísl. náttúru</p> <p>19. september – skipulagsdagur kl. 8.00-10.00 – Börnin komi klædd í útiveru</p> <p>22. sept. Jafndægur að hausti Foreldrafundur verða að morgni kl. 8.30-9.30</p> <p>27. sept. fyrir foreldra barna á Hrafna- og Kríukletti</p> <p>28. sept. fyrir foreldra barna á Fálka- og Arnarkletti</p> <p>29. sept. Höfuðfatadagur</p>	<p>9.-13. október Bleik vika</p> <p>18. október – skipulagsdagur allan daginn</p> <p>20. október 1. vetrardagur v/21.okt.</p> <p>25. okt. Ömmu og afa kaffi, síðdegis kl. 15,15-16,30</p> <p>27. október Bangsadagur og náttfataball</p> <p>31. október Hrekkjavaka</p> <p>Foreldraviðtöl í október Deildarstjórar kynna það.</p>	<p>6.-10. nóv Munstur vika</p> <p>12. nóv. Feðradagur</p> <p>16. nóvember Bókadagur v/dagur ísl. tungu</p> <p>21. nóvember – skipulagsdagur allan daginn</p>	<p>1. desember fyrir hádegi 1.des. hátíð</p> <p>4.-8. desember Rauð vika</p> <p>Jóladagskrá allan desember Dagskrá verður send heim þar sem tilgreindir eru ýmsir viðburðir og fræðsluáherslur t.d. jólaball m/gesti, bókasafnsferð/kirkjuferð, ferð í Gufunesbæ ath. það fara ekki öll börn í bókasafn/kirkjuferð og Gufunesbæ</p> <p>8. desember Jólasveinahúfu- dagur</p> <p>21. des. vetrarsólstöður</p>

<i>Janúar</i>	<i>Febrúar</i>	<i>Mars - apríl</i>	<i>Mái</i>	<i>Júní</i>
<p>5. janúar Prettándaball v/jólin kvödd</p> <p>8.-12. janúar Hvít vika</p> <p>11. janúar – skipulagsdagur allan daginn</p> <p>12. Vasaljósadagur</p> <p>17. janúar Foreldraf. m/ for. elstu barnanna – dags. með fyrirvara v/samstarf við Hamraskóla</p> <p>15.-26. janúar Hrafnaklettur og Kríuklettur foreldraviðtöl</p> <p>19. janúar Pabbar í morgunmat v/bóndadagur Þorablót í hádegini</p>	<p>6. febr. Dagur leikskólans</p> <p>5.-9. febr. Tannverndarvika</p> <p>5.-16. febrúar Fálkaklettur og Arnarklettur Foreldraviðtöl</p> <p>12. febrúar Bolludagur</p> <p>13. febrúar Sprengidagur</p> <p>14. febrúar Öskudagur Furðufataball</p> <p>16. febrúar Mömmur í morgunmat v/konudagur 18. febr</p> <p>19.-23. febrúar Gul vika</p> <p>lok febrúar??? Góðverkavika Góðverkadagur ???</p>	<p>9. mars Rugl dagur</p> <p>12. mars – skipulagsdagur allan daginn</p> <p>20. mars Jafndægur að vori</p> <p>2.-6. apríl Blá vika</p> <p>4. apríl Blár dagur – dagur einhverfu</p> <p>16. apríl Blómaball v/ sumardagurinn fyrsti</p> <p>23.-27. apríl ?? Barnamenningarhátíð</p> <p>25. apríl Umhverfisdgur</p>	<p>8. maí Opið hús fyrir gesti og gangandi síðdegis, verður auglýst sérstaklega</p> <p>13. maí Mæðradagur</p> <p>14.-17. maí Appelsínugul vika</p> <p>18. maí – skipulagsdagur allan daginn</p> <p>25. maí Sólgleraugnad.</p> <p>30. maí Elstu börnin kveðja kl. 17.00 Samverustund með börnum og fjölskyldum þeirra</p>	<p>1. júní Afmæli Klettaborgar 28 ára</p> <p>3. júní Sjómanna dagur</p> <p>13. júní – skipulagsdagur kl. 8.00-10.00 – Börnin komi klædd í útiveru</p> <p>11.-15. júní Bæjarferð v/17. júní-fræðsla fyrir eldri börnin</p> <p>18.-22. júní Íþróttahátíð, á góðum degi</p> <p>21. júní Sumarsólstöður</p> <p>24. júní Jónsmessa</p>

Litavikur – síðasta dag litavíknunnar þ.e. föstudaginn, er skemmtilegt að allir sem geta, verði klæddir á einhvern hátt í samræmi við litinn.

Fræðslustarf – áherslur deilda

<i>Hrafnaklettur og Kríuklettur</i>	<i>Fálkaklettur og Arnarklettur</i>	<i>Annað</i>
<p>Lögð er áhersla á að vera í hóp. Börnin eru að æfa sig að vera saman. Í vinnustundum eru börnin til skiptis í ýmsum verkefnum inni og úti. Á Kríukletti er áhersla á könnunarleikinn og á Hrafnakletti er áhersla á einingakubbana. Í samverustundum er áhersla á söng og lestur. Unnið er með þulu í hverjum mánuði.</p> <p>Kríuklettur og Hrafnaklettur vinna saman með ýmiss verkefni t.d. gönguferðir.</p> <p>Haustið 2017 verður lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í daglegu starfi og það tengt við aðalnámskrá og skólanámskrá Klettaborgar.</p>	<p>Um haustið er byrjað á að vinna með hópefli, vináttu, samskipti og hjálpsami. Einnig er unnið með þulu í hverjum mánuði. Veðurfræðingur á báðum deildum. Könnunaraðferðin er leiðandi í vinnu með börnunum og áhugasvið barnanna látið ráða ferðinni. Gönguferðir.</p> <p>Elstu börnin (sem eru á síðasta ári í leikskólanum)</p> <p>Um haustið er byrjað að vinna með hópefli, vináttu og samskipti. Í nóvember verður byrjað á “borgarverkefni” sem unnið verður með til vors. Byrjað verður á því að skoða okkar hverfi og búsetu og í lokin er tengd saman umfjöllun um ýmsa þætti í borgarsamfélagi. Inní þetta fléttast verkefni með talnagildi, verkefni tengd hljóðgreiningu o.fl.. Inní elstu barna starfið fléttast áhersla leikskólans eftir áramót þ.e. þjóðsaga.</p>	<p>Allar deildir vinna með árstíðirnar. Um vorið er umferðarfræðsla. Þorablót er á Þorranum. Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Skemmtiferð elstu barnanna er í maí/júní Sveitaferð í samstarfi við foreldrafélagið, annað hvert ár.</p> <p>Foreldraráð Klettaborgar Foreldrafélag Klettaborgar</p> <p>Foreldraráð starfar samkv. lögum um leikskóla og gefur m.a. umsögn um starfsáætlun og námskrá. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráðið á haustfundi foreldra í leikskólanum.</p> <p>Tilgangur foreldrafélagsins er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt.</p>
<p>Eftir áramót er unnið með þjóðsögu á öllum deildum.</p>		<p>http://klettaborg.is</p>

Starfsáætlun 2017 – 2018
Klettaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Helga Benediktsdóttir

Heiða D. Sigurjónsdóttir

Þorleifur Gíslason

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Í starfsáætlun leikskólans Klettaborgar fyrir komandi vetur (2017-2018) er farið yfir verkefni síðasta vetrar, hvað gekk vel, hvað þarf að vinna betur og hverju af verkefnum síðasta vetrar er haldið áfram á komandi vetri. Farið er yfir innra og ytra mat leikskólastarfsins og gerð grein fyrir niðurstöðum. Góð yfirferð er yfir fjölda barna, aldursskiptingu og þörf fyrir sérkennslu eða annað innngrip. Einnig fjölda starfsfólks ásamt menntun starfsmanna og fjölda stöðugilda. Ásamt því er sagt er frá væntanlegri faliðun og útskýrt hvernig áætlað er að bregðast við, leysist vandinn ekki fyrir haustið. Að lokum fylgir ítarlegt skóladagatal, þar sem allir viðburðir ársins eru tilgreindir, með fyrirvara um breytingu á dagsetningum.

Foreldraráð leikskólans Klettaborgar telur því að starfsáætlun fyrir veturinn 2017-2018 uppfylli þau skilyrði sem SFS setur.

Leikskólinn Klettaborg

Umsögn foreldraráðs fyrir veturinn 2016-2017

Anna Helga, Heiða, Þorleifur

Foreldraráð yfirfór starfsáætlun vetrarins, markmið og umbótaáætlun með það að markmiði að skoða hvernig til tókst að fylgja því sem þar kom fram. Foreldraráð hafði ekki tók á að skoða alla þætti umbótaáætlunar og því er einungis fjallað um nokkra þætti sem þar birtust.

Ljóst er að leikskólinn átti í miklum erfiðleikum í vetur vegna faliðunar í starfsmannahópnum. Þar sem markmið leikskólans er skýrt hvað varðar að alltaf skal hafa öryggi og vellíðan barnanna í forgangi mátti búast við að starfsfólk þyrfti að setja önnur verkefni í hlé á meðan.

Jákvæð og glaðleg samskipti.

Meðlimir foreldraráðs eru sammála um að allt starf í Klettaborg einkennist af jákvæðum og glaðlegum samskiptum, bæði á milli starfsfólks og barna. Það er ákveðin hlýja í andrúmsloftinu sem býður foreldra og börn velkomin og öllum beiðnum og óskum er svarað af virðingu, hvort sem unnt er að mæta óskum eður ei.

Við í foreldraráði urðum ekki vör við að það markmið úr umbótaáætlun að gera verkefnið sýnilegra foreldrum, börnum og starfsfólki, líklega vegna faliðunar eins og veturinn á undan. Við erum þó fullviss um að verkefninu var sinnt af bestu getu í öllum samskiptum í daglegu starfi leikskólans.

Þegar einn meðlima foreldraráðs skoðaði samskipti barna í útiveru var ljóst að þar er góður grunnur jákvæðra og glaðlegra samskipta. Mjög mörg börn voru boðin og búin að aðstoða hvert annað, þá sérstaklega þau eldri sem aðstoðuðu þau yngri. Börnin léku sér þvert á aldur og mikil gleði ríkti í garðinum.

Í skólanámskrá Klettaborgar er lögð áhersla á barnalýðræði og að börnin séu þátttakendur í að skipuleggja og móta starfið dags daglega. Þar sem meðlimir foreldraráðs höfðu ekki tók á að fylgjast með hvernig barnalýðræði birtist í daglegu starfi var starfsfólk spurt um þann þátt. Starfsfólk segir takast vel að virkja börnin til ákvarðanatöku, þau fá að velja hvað er í valinu og skipta um skoðun. Þau fá aðstoð við lausnaleit ef á þarf að halda en oft ná þau að leysa vandann sjálf með eigin lausnum. Einnig fá þau að hafa áhrif á hvernig þau vinna úr sínum efnivið í ýmsum verkefnum sem unnið er að hverju sinni, meðal annars þjóðsöguverkefninu. Að efla lýðræði í barnahópnum virðist því rauður þráður í daglegu starfi leikskólans.

Tilraunir og vísindi.

Starfsfólk leikskólans segir þetta verkefni hafa gengið vel í vetur þó stöku sinnum hafi þurft að fella niður vísindastund vegna faliðunar. Meðlimir foreldraráðs fengu skjal með sýnishornum af verkefnum sem börnin hafa verið að fást við í vetur og virðist þetta vera mjög spennandi og skemmtilegt verkefni. Réttilega benti starfsfólk á að fleira fellur undir vísindastarf, til dæmis hlutverk veðurfræðings en börnin gá til veðurs daglega.

Vettvangsferðir/útikennsla.

Foreldraráð sá greinilega í vetur að starfsfólk er duglegt að fara með börn í ferðir, yngri börn styttra og eldri börn stundum í lengri ferðir. Starfsfólk leikskólans sagði verkefnið hafa gengið vel fram að áramótum en eftir áramót hafi það þurft að víkja fyrir öðrum verkefnum, meðal annars tengdum læsi.

Þrátt fyrir að dregið væri saman í skipulagðri útikennslu eftir því sem leið á veturinn var áberandi hvað börnin hafa tækifæri á mikilli útiveru í leikskólanum. Við í foreldraráði lítum á það sem mikinn kost og teljum það gott fyrir öll börn skólans að fá útiveru daglega, hvort sem hún er í formi skipulagðrar útikennslu eða frjáls leiks.

Læsi.

Í öllu starfi skólans er greinilegt að læsi er ofarlega á baugi. Ritað mál sést á öllum veggjum, skráð hvað börn segja og það gert sýnilegt, t.d. í tengslum við litavíkur. Vinna með Lubba finnur málbein skilar sér vel, bæði í máli og myndum. Þjóðsöguverkefnið inniheldur líka mjög faglega og vel unna vinnu þar sem læsi er stór hluti.

Ekki voru skoðaðir fleiri þættir í umbótaáætlun leikskólans en foreldraráði fannst áhugavert að horfa á aðra þætti sem lögð var áhersla á í starfsáætlun.

Þjóðsöguverkefni.

Unnið hefur verið með íslenska þjóðsögu á vorönn undanfarna vetur. Verkefnið hefur því náð að festast vel í sessi og starfsfólk öruggara að vinna að því þrátt fyrir faliðun. Þetta verkefni er mjög sýnilegt á meðan á því stendur, bæði eru myndir á veggjum úr sögunni, börnin segja frá þegar heim er komið því þau þekkja söguna vel, ýmsar setningar og orð úr sögunni höfð sýnileg og svo mætti lengi telja. Foreldraráð telur þetta verkefni afar skemmtilegt og gagnlegt því það snertir á flestum ef ekki öllum þáttum leikskólastarfsins, leik, sköpun, læsi, lýðræði, samvinnu, hreyfingu o.s.frv. Von foreldraráðs er að þjóðsöguverkefnið verið langlíft og haldi áfram að festa sig í sessi í Klettaborg.

Ferilmappa barna.

Síðastliðinn vetur (2015-2016) var bryddað upp á þeirri nýjung í Klettaborg að útbúa ferilmöppu fyrir hvert barn þar sem sett væru verkefni sem barnið hefur unnið að yfir veturinn. Ætlunin er að safna í möppuna þann tíma sem barnið er í leikskólanum og við útskrift eða brottflutning fái barnið möppuna með sér heim.

Meðlimir foreldraráðs eru sammála um að ferilmöppurnar eru afar dýrmætt og skemmtilegt verkefni. Saga barnsins í leikskólanum varðveitist þar og geymir mikilvægar minningar um góðan tíma sem barnið átti í skólanum. Ferilmöppur barnanna eru sýnilegar í hillum við innganga á Arnarkletti og Fálkakletti en á Hrafnakletti og Kríukletti eru möppurnar geymdar í lokuðum skápum. Í upphafi vetrar

var foreldrum bent á að leyfilegt væri að skoða möppurnar með börnunum hvenær sem er, ásamt því að þær lágu frammi á opnu húsi. Okkur í foreldraráði hefur ekki sýnst að foreldrar séu duglegir við að setjast niður og skoða möppurnar með börnum sínum. Hugsanlega væri hægt að finna einhverjar leiðir til að lokka foreldra frekar til að setjast og skoða möppurnar. Þó er óvíst að það hefði eitthvað upp á sig þar sem foreldrar eru oft á hraðferð.

Starfsfólk lýsti ánægju með ferilmöppurnar. Þróun verkefnisins er enn í fullum gangi en einhverjar hugmyndir um verkefni fyrir möppurnar eru orðnar fastmótaðar. Við í foreldraráði fögnum þessu verkefni og hlökkum til að fylgjast með því þróast og dafna.

Jólastarf.

Á fundi foreldraráðs síðastliðið vor var rætt um kirkjuferðir í desember. Ljóst er að mjög skiptar skoðanir eru á því hvort eigi að halda áfram að heimsækja kirkju í desember eða ekki. Við í foreldraráði leggjum til að foreldrar fái á haustmánuðum senda í tölvupósti einfalda könnun þar sem þeir svara því hvort þeir vilji að leikskólinn haldi áfram að fara í kirkjuheimsóknir. Ekki þyrfti að spyrja um ástæður eða rökstuðning, eingöngu einfalt já eða nei og yrði farið eftir því sem meirihluti foreldra óskar.

Samantekt.

Í leikskólanum Klettaborg fer fram mjög gott, faglegt og umfram allt skemmtilegt starf.

Starfsmannahópurinn er einstaklega samheldinn og mikil áhersla á að börnum og foreldrum líði vel. Þrátt fyrir að veturinn hafi verið erfiður vegna fáliðunar og mikillar starfsmannaveltu var það aldrei að finna á viðmóti starfsfólks eða í samskiptum við það. Við í foreldraráði viljum koma því á framfæri að starfsfólk Klettaborgar sinnir starfi sínu einstaklega vel, þrátt fyrir oft erfiðar aðstæður og augljóst er að þarfir og líðan barnanna er alltaf í fyrirrúmi. Foreldrasamstarf er gott og vikulegir tölvupóstar til foreldra halda góðum tengslum milli foreldra og starfsfólks leikskólans.

Við í foreldraráði þökkum fyrir góðan vetur og hlökkum til þess næsta.

Anna Helga, Heiða, Þorleifur.

Fylgiskjal 8 – Starfsreglur foreldraráðs

Foreldraráð

Starfsreglur

1. Ráðið heitir Foreldraráð Klettaborgar.
2. Heimili ráðsins er leikskólinn Klettaborg, Dyrhamrar 5, 112 Reykjavík.
3. Tilgangur foreldraráðsins er að framfylgja lögum um leikskóla (2008/90 IV. kafli, 11.gr.).
4. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.
5. Foreldraráð skal kosið á foreldrafundi að hausti og starfar í eitt ár eða að foreldrafundi á næstkomandi hausti. Í ráðinu skulu að lágmarki sitja 3 foreldrar og geta þeir verið þeir sömu og sitja í stjórn foreldrafélagsins. Kosningarétt hafa allir foreldrar og forráðamenn barna á leikskólanum Klettaborg. Foreldraráðið skal funda að lágmarki tvisvar hvert starfsár, fyrra skiptið til að fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir og í seinna skiptið til að meta hvernig þeim er framfylgt.
6. Leikskólastjóri skal upplýsa foreldraráð um öll meiriháttar mál sem hafa áhrif á starfsemi leikskólans og gefa þeim þannig kost á að fjalla um þau.
7. Komi upp tilvik sem foreldraráð telur að þarfnist umræðu í öllum foreldrahópnum skal ráðið boða til fundar með foreldrum þar sem málin skulu rædd og lýðræðislegar ákvarðanir teknar. Foreldraráð fylgir þeim ákvörðunum síðan eftir.
8. Fulltrúar í foreldraráði skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeim er trúað fyrir út af setu þeirra í foreldraráði og varða fjölskylduaðstæður einstakra barna, hegðum þeirra og heilsufar eða önnur viðkvæm atriði sem eðlilegt er að fari leynt.
9. Tillögur til breytinga á starfsreglum verða að hafa borist stjórn skriflega fyrir auglýstan foreldrafund foreldrafélagsins. Breytingar á starfsreglum ná því aðeins fram að ganga að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði.

Foreldraráð setti þessar starfsreglur niður í mars 2017

Foreldraráð veturinn 2016-2017 skipa:

Anna Helga Benediksdóttir

Þorleifur Gíslason

Heiða D. Sigurjónsdóttir

ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

Lilja Eyþórsdóttir

Anna Kristín Sigurbjörnsdóttir